

Landsbankinn og Alþjóðahúsið
Samstarf sem allir hagnast á



12

Netþjónabú
Skeru úr um sigurvegarann



8-9

Emmessís og Sól
Undir eitt þak



14



BROS RÁÐA RÍKJUM Einungis tvísvar áður hafa neytendur haft eins miklar væntingar til framtíðarinnar og nú.

Neytendur sátir við sitt

Neytendur hafa aldrei mælt á nægðari með núverandi ástand. Þetta sýnir nýbirt væntingavísitala Gallup sem birt var í gær fyrir júnímánuð. Hins vegar dregur örlítið úr væntingunum þegar þeir líta til næstu sex mánaða. Þrátt fyrir það eru væntingarnar miklar.

Í Morgunkorni Glitnis segir að aukning kaupmáttar, greiðari aðgangur að lánsfé og hátt gengi krónu ýti undir þessa miklu bjartsýni. Væntingavísitalan mælist nú 144, 9 stig. Það er þriðja hæsta gildi hennar frá því vorið 2001 þegar mælingar hófust.

Neytendur hafa jafnframt meiri fyrirætlanir nú en nokkru sinni fyrr um stórkaup. Gildir þá einu hvort lítið er til kaupa á bifreiðum, húsnæði eða utanlandsferðum. Þetta sýnir ársfjórðungsleg mæling Gallup á fyrirhuguðum stórkaupum neytenda sem einnig var birt í gær. - hhs

FRÉTTIR VIKUNNAR

Gríðarleg eftirspurn | Um fimmtán þúsund fjárfestar skráðu sig fyrir hlutabréfum í hlutafjárútbóði Føroya Banka. Tuttugu og sexföld eftirspurn var eftir bréfum í bankanum.

Kaupir Emmessís | Sól ehf. hefur keypt Emmessís hf. af Auðhumlu svf., móðurfélagi Mjólkursamsölnunnar. Samkomulag náðist um viðskiptin seint í maí með fyrirvara um áreiðanleikakönnun.

Gnúpur þriðji | Gnúpur, félag þeirra Kristins Björnssonar, Magnúsar Kristinssonar og Þórdar Más Jóhannessonar, er orðið þriðji stærsti hluthafinn í Kaupþingi með yfir fimm prósentu hlut.

Eimskip hagnast | Nærri tuttugu milljóna króna hagnaður, um tvö hundruð þúsund evrur, varð á rekstri Eimskipafélagsins hf. á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins eftir skatta.



Til austurs | Straumur-Burðarás tilkynnti í vikunni um kaup á fimmtíu prósentu hlut í tékkneska fjárfestingarbankanum Wood & Company. Höfuðstöðvar bankans eru í Prag, höfuðborg Tékklands.

Hækkað tilboðið | Björgólfur Thor Björgólfsson hefur hækkað yfirtökutilboðið sitt í Actavis úr 0,98 evrum á hlut í 1,075 evrum á hlut. Stjórn Actavis mælir með nýja yfirtökutilboðinu.

Féðgar kaupa | Samson Global Holdings SARL, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og Björgólfs Guðmundssonar, hefur aukið hlut sinn í Straumi-Burðarási. Þeir og tengdir aðilar eiga nú 32,9 prósent.

Tilboð komið | Fjárfestahópur, sem ræður yfir 64,4 prósentum hlutafjár í Mosaic Fashions, móðurfélagi tískuverslanakeðja, hefur loks lagt fram formlegt yfirtökutilboð í Mosaic Fashions upp á 17,5 krónur á hlut.

Landsstjórnin hyggst halda í ráðandi hlut

Hlutafé í Føroya Banka var ekki selt á lágu verði, segir Eyðun á Rógvi. Hinn mikli áhugi Íslendinga kom honum á óvart. Færeyskir fjárfestar, sem sátu að útböðinu, mynda kjölfestu.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Færeyska landsstjórnin, sem hefur selt um 66 prósent hlutafjár við einkavæðingu Føroya Banka, hefur skuldbundið sig til að eiga eftirstöðvarnar í 180 daga frá skráningu bankans á hlutabréfamarkað á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Eyðun á Rógvi, stjórnarformaður Fíggingargrunnsins frá 1992 (Financing Fund of 1992), býst þó fastlega við því að ríkið haldi fast í ráðandi hlut sinn næstu árin og selji hann ekki nema í einu lagi. „Í samræmi við áætlanir okkar er vilji fyrir því að selja hlutinn á næstu þremur til fimm árum. En þetta veltur allt á pólitískum aðstæðum sem geta alltaf breyst.“

Mikil eftirspurn var meðal fjárfesta eftir hlutabréfum í færeyska bankanum og var óskað eftir 26 földu magni þess sem í boði var. Miðað við lokagengi Føroya Banka í Kauphöllinni á mánudaginn hefur gengið hækkað um 34,9 prósent eftir skráninguna í síðustu viku og markaðsvirðið aukist um 7,5 milljarða. Bankinn er nú metinn á tæpa 29 milljarða.

Eyðun telur ekki að bankinn hafi verið seldur á of lágu verði en vissulega kom gríðarleg eftirspurn til dæmis frá Íslandi, honum á óvart. „Það er alltaf

erfitt að átta sig á því hver viðbrögð fjárfesta verða en ég tel að útböðsgengið hafi verið sanngjarnt,“ segir hann en það var í verkahring Handelsbankens í Kaupmannahöfn að meta verðmæti bankans. Á næstu mánuðum mun koma í ljós hvort hækkingin helst en Eyðun segir það ekki óalgengt að spenna myndist þegar nýtt fyrirtæki fer á markað.

Um helmingur alls þess hlutafjár sem var selt rann til Færeyinga og er talið líklegt að þarlendir fjárfestar ætli sér að byggja upp kjölfestu í bankanum fyrir komandi vöxt. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins lögðu seljendur á það áherslu að fag- og stofnanafjárfestar í Færeyjum sætu að bréfum í útböðinu. Fíggingargrunnurinn á 34 prósent í bankanum og tveir aðrir hluthafar fara yfir fimm prósent. Færeysku fjárfestingafélögin Sp/f Lago Foroyar og Sp/f Skrínið eiga hvort um sig 7,2 prósentu hlut.

Færeyskir fagfjárfestar fengu að jafnaði fimmtung af því sem þeir föluðust eftir. Íslenskir kaupahéðnar fengu hins vegar mjög skertan hlut nema einna helst lífeyrissjóðirnir. Þannig fékk sá íslenski fjárfestir sem pantaði lágmarkshlut í fagfjárfestautböðinu, um 2 milljónir danskar króna, að jafnaði um 45-50 þúsund danskar krónur í sinn hlut, eða rétt um 2,5 prósent af því sem óskað var eftir.

Ekkert nema algjör yfirráð

Hluthöfum í Actavis er ekki velkomið að fljóta með inn í óskráð félag.

Þeim hluthöfum sem hefðu áhuga á að eiga áfram hlut sinn í Actavis, þrátt fyrir afskráningu félagsins, stendur það ekki til boða. Að minnsta kosti ekki ef Novator fær sínu framgengt.

„Forsenda fjármögnunar og lána frá hendi lánveitenda er að um full yfirráð yfir félaginu verði að ræða. Áhættan af þessum lánnum er slík að hún er ekki fyrir almenna hluthafa að eiga við,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators. „Novator mun því beita þeim úrræðum sem eðlileg eru til að ná þessu marki. Eitt verður látið yfir alla

ganga í þeim efnun.“

Til þess að Novator geti afskráð Actavis þarf einfaldan meirihluta stjórnar. Stjórnin mælti með nýju yfirtökutilboði Novators í síðustu viku. Það skilyrði er því í höfn. Ef tveir þriðju hluthafa ganga að tilboði Novators er félagið komið í þá stöðu að geta tekið afdrifaríkar ákvarðanir fyrir hönd Actavis. Novator gæti þá gripið til þeirra ráða að samþykkja sameiningu við annað félag í eigu Novators. Þetta kæmi til greina ef ákveðið hlutfall hluthafa myndi sitja sem fastast á sínum hlutum. Með þessu móti yrðu hlutir

þessa minnihluta þynntir út, þar til Novator næði níutíu prósentu markinu sem nauðsynlegt er til að geta þvingað þá til að selja.

Upp til hópna hafa stærstu hluthafar í Actavis ekki gert upp hug sinn um sölu bréfa sinna. Karl Wernersson, annar stærsti hluthafi félagsins, undrast að óvinveitt tilboð hafi borist innan úr herbúðum félagsins. Hann ætlar að skoða hug sinn fram á síðasta dag. Lífeyrissjóðirnir skoða nú málin. Afstaða þeirra gæti skipt sköpum um þróun atburðarásarinnar sem framundan er.

- hhs / sjá síðu 6

TrackWell
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

120 ISSÓG 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,6%*

GBP 7,1%*

USD 6,7%*

EUR 5,5%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar mininn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. maí - 31. maí 2007.

GENGISPRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---------------------|------|--------------|
| 365 | -2% | -22% |
| Actavis | 1% | 40% |
| Alfesca | 6% | 3% |
| Atlantic Petroleum | -5% | 92% |
| Atorca Group | 1% | 21% |
| Bakkavör | -1% | 12% |
| FL Group | 0% | 17% |
| Glitnir | 1% | 23% |
| Hf. Eimskipafélagið | -3% | 22% |
| Kaupþing | 2% | 32% |
| Landsbankinn | 1% | 45% |
| Marel | 2% | 10% |
| Mosaic Fashions | -1% | 10% |
| Straumur | 3% | 24% |
| Össur | 6% | -3% |

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Hagnaður Straumborgar dróst saman

Eignir námu nærri 32 milljörðum í árslok.

Straumborg hagnaðist um 2,05 milljarða króna í fyrra samanborið við tæplega fimm milljarða króna hagnað árið áður. Þetta kemur fram í skráningarlýsingu félagsins til Kauphallarinnar í tilefni af útgáfu vixla. Lækkun hagnaðar skýrist einkum af minni óinnleystum gengishagnaði af hlutabréfum en einnig hafði aukinn fjármagnskostnaður sitt að segja.

Jón Helgi Guðmundsson í BYKO er stærsti eigandi félagsins með rúm 48 prósent hlutfjár en aðrir eigendur eru börn

hans, Guðmundur Halldór, Iðunn og Steinunn, og Brynja Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Straumborgar.

Straumborg er umsvifamikill fjárfestingafélag. Í gegnum dótturfélagið Norvest heldur félagið utan um 2,16 prósent í Kaupþingi, sem metinn er á 17,7 milljarða króna, og 2,71 prósent í Bakkavör. Straumborg er einnig hluthafi í Norvik hf., Smáragarði, Norvik Banka í Lett-

landi, og Eyri Invest. Félagið á þar til viðbótar hlut í fjárfestingarsjóðnum Veritas Capital sem heldur utan um lyfjaheildsöluna Vistor.

Eignir samstæðunnar námu 31,6 milljörðum króna í árslok og jukust um 79,5 prósent á milli ára. Eigið fé jókst um fjórðung og stóð í 12,2 milljörðum.

TVEGGJA MILLJARDA HAGNAÐUR STRAUMBORGAR Jón Helgi í BYKO er stærsti hluthafi í félaginu. MARKAÐURINN/HEIÐA



Krónan sterk

Gengi krónu mun haldast hátt svo lengi sem vaxtamunur minnkar ekki að neinu marki, samkvæmt Greiningu Glitnis. Með áhrifum sínum á væntingar um vaxtamuninn hafa lækkandi verðbólga, lágur hagvaxtartölur og ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar dregið einhvern þrótt úr því styrkingarferli sem einkenndi gengisþróunina í apríl og maí.

Þrátt fyrir það telur greiningardeildin að krónan muni áfram haldast sterk. Það verði ekki fyrr en bratt vaxtalækkunarferli Seðlabankans færast nær í tíma að gengi krónunnar fari að lækka.

- hhs

Sveiflur í raungengi eru langar og stórar

American Economic Review samþykkir að taka til birtingar grein eftir Jón Steinsson.

Jón Steinsson, hagfræðingur og verðandi lektor við Columbia University í New York, hefur fengið grein samþykkt til birtingar í fræðitímaritinu American Economic Review. Greinin, sem nefnist „The Dynamic Behavior of the Real Exchange Rate in Sticky Price Models“, fjallar um þróun raungengis í helstu iðnríkjunum, það er G-7 löndum, á síðustu þrjátíu árum



JÓN STEINSSON Sveiflur á raungengi í stærstu iðnríkjunum þróast með öðrum hætti en áður hefur verið talið.

þar sem reynt er að útskýra langar sveiflur í þróun raungengis.

„Sveiflur í raungengi eru annars vegar mjög langar og hins vegar afar stórar,“ segir Jón um

meginniðurstöðurnar. „Ég er að benda á að þegar raungengi fer að hreyfast í eina áttina þá heldur það áfram að þróast í sömu átt í nokkurn tíma sem gerir það að verkum að sveiflurnar eru svona langar. Þær eru öðruvísi í laginu en áður hafði verið talið.“

Að minnsta kosti einu sinni áður hefur grein eftir Íslendinga birst í American Economic Review. Björn R. Guðmundsson, Gylfi

Zoega og Marco Bianchi birtu árið 2001 grein um skattlausu árið 1987, undir yfirskriftinni „Iceland's Natural Experiment in Supply-Side Economics.“

- eþa

Aðgerð „Albatross“ hafin hjá Glitni

Innan Glitnis er hafin vinna við að móta framtíðarskipulag bankans í Noregi og nefnist verkefnið „Albatross“. Bankinn mun óska eftir heimild til að samræma starfseminu í Noregi, þar á meðal að fella Bolig- og Næringsbankan (BNbank) og Glitnir Bank í eina sterka heild. Þó er tekið fram að engar formlegar ákvarðanir hafi verið teknar þar að lútandi.

Höfuðstöðvar Glitnis Bank yrðu í Þrándheimi en fyrirtækjabanastarfsemin í Álasundi.

„Samruni í eina sterka heild í Noregi undir merkjum Glitnis mun hjálpa okkar mikið í þeirri viðleitni að efla bankastarfseminu í framtíðinni,“ segir í tilkynningu frá Frank O. Reite, framkvæmdastjóra yfir vexti Glitnis utan Íslands og viðskiptaþróun.

- eþa

Fimm félög á yfir þrjú hundruð milljarða

Markaðsvirði viðskiptabankanna eykst um 430 milljarða frá áramótum, einkum vegna gengishækkana. Átta stærstu félögin metin á þrjú þúsund milljarða króna.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Í fyrsta skipti eru fimm fyrirtæki í Kauphöll Íslands metin á þrjú hundruð milljarða króna eða meira. Fyrirtækin eru fjármála- og fjárfestingarfélagið Actavis sem datt inn í þennan hóp eftir að Novator hækkaði yfirtökutilboð sitt í félagið. Átta stærstu félögin í Kauphöllinni eru alls metin á tæpa þrjú þúsund milljarða króna.

Athygli vekur að mikil aukning markaðsvirðis á árinu er fremur að þakka miklum gengishækkunum en aukningu hlutfjár. Úrvalsvísitalan stendur nú í methæðum í tæpum 8.300 stigum, sem er ríflega 29 prósent hækkun frá áramótum, en fjármála- og fjárfestingarfélagið hafa dregið vagninn á árinu.

Markaðsvirði þriggja félaga hefur aukist um 100 milljarða króna frá áramótum. Þetta eru Kaupþing, Exista og Landsbankinn. Glitnir bankar svo á dyrnar. Frá áramótum hefur markaðsvirði viðskiptabankanna aukist um þriðjung; 431 milljarð króna sem er um þriðjungur af vergri landsframleiðslu Íslands. Aukningin er enn þá meiri ef litid er rúmt eitt ár aftur í tímann, um 730 milljarðar króna.

Kaupþing, sem var eina fyrirtækið sem komst yfir 300 milljarða króna múrinn fyrir ári síðan, er langverðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni. Markaðsvirði bankans stóð í 825 milljörðum í byrjun vik-

VERÐMÆTUSTU FÉLÖGIN Í KAUPHÖLLINNI

| Félag | Markaðsvirði 1.jan.07 | Markaðsvirði 25.jún.07 | Aukning á árinu |
|-------------------|--------------------------|---------------------------|--------------------|
| Kaupþing | 623 | 825 | +202 |
| Glitnir | 330 | 428 | +98 |
| Landsbankinn | 292 | 423 | +131 |
| Exista | 239 | 385 | +146 |
| Actavis | 214 | 302 | +88 |
| FL Group | 203 | 237 | +34 |
| Straumur-Burðarás | 180 | 224 | +44 |
| Bakkavör Group | 135 | 150 | +15 |
| Alls | 2.216 | 2.974 | +758 |

Heimild: Markaðsvaktin

Allar tölur í milljörðum króna

unnar. Glitnir og Landsbankinn fylgja þar í humátt á eftir í sætum tvö og þrjú en bankarnir eru komnir vel yfir 400 milljarða króna. Landsbankinn hefur hækkað gríðarlega frá áramótum, eða um 44 prósent, en Glitnir þó minna. Hluti af verðmætaaukningu Glitnis er kominn til vegna aukningar hlutfjár. Ekkert þessara félaga hefur hækkað meira en Exista. Gengi félagsins hefur rokið upp um fimmtíu prósent á árinu. Félagið jók einnig hlutfé sitt eftir kaupin á yfir fimmtán prósent hlut í Sampo Group í Finnlandi.

Líkar heimildir hér og í Evrópu

Valdaheimildir eftirlitsaðila á evrópskum verðbréfamörkuðum.

Íslenska fjármálaeftirlitið (FME) hefur nú sambærileg úræði til að framfylgja reglum og tðkast á þróuðustu fjármála- og fjárfestingarfélagi Evrópu. Á heimasíðu

litsaðila á evrópskum verðbréfamörkuðum.

Íslenska fjármálaeftirlitið (FME) hefur nú sambærileg úræði til að framfylgja reglum og tðkast á þróuðustu fjármála- og fjárfestingarfélagi Evrópu. Á heimasíðu

FME kemur fram að umrædd úræði geri FME kleift að sinna starfi sínu á virkan hátt, stuðli að öflugum eftirliti sem brugðist geti skjótt við brotum og auki trúverðugleika íslenska fjármála- og fjárfestingarfélagins.

- hhs

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

ÞAU STÁLU AMERÍSKA DRAUMNUM
THE RICHES Í KVÖLD KL. 20:50



skemmtilegri





Með bílinn handa þér

STÓRTÍÐINDI

KOMDU Á FRUMSÝNINGU Á NÝJUM LAND ROVER DEFENDER
LAUGARDAGINN 30. JÚNÍ HJÁ **B&L SELFOSSI**
FRÁ KL. 11 TIL 16.



NÝR LAND ROVER DEFENDER 2007 Fleiri gírar, meira afl, meira tog



GO BEYOND

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is
B&L • Hrísmýri 2a • 800 Selfoss • Sími 575 1460 • www.landrover.is

Hlutabréf lækka í Kína

Gengi CSI-vísitölunnar lækkaði um þrjú prósent í kauphöllinni í Sjanghæ í Kína í fyrradag eftir að kínverski seðlabanki landsins sagði nauðsynlegt að hækka stýrivexti til að draga úr verðbólgu og spennu í hagkerfinu.

Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir hlutabréfum í Kína og hefur það keyrt upp gengi



LÆKKUNIN GRÁTIN Gengi hlutabréfa hefur lækkað nokkuð í Kína upp á síðkastið vegna aðgerða stjórnvalda til að draga úr spennu á hlutabréfamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hlutabréfa þar í landi. Kínversk stjórnvöld hafa af þessum sökum gripið til ýmissa ráða til að draga úr eftirspurn á hlutabréfamarkaði til að koma í veg fyrir harkalega niðursveiflu.

Vísitalan stóð á mánudag í 3.929 stigum en hún hefur setið í rúmum 4.000 stigum um nokkurt skeið. - jab

Líkur á hærri vöxtum í Bretlandi

Skoðanir voru skiptar innan peningamálanefndar Englandsbanka að halda stýrivöxtum óbreyttum í byrjun mánaðar. Fimm nefndarmenn voru fylgjandi því að halda vöxtunum óbreyttum í 5,5 prósentum en fjórir studdu hækkun upp á 25 punkta.

Á meðal þeirra sem mæltu fyrir hækkun var Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, en hann hefur verið undir miklum þrýstingi síðustu mánuði að hækka stýrivexti til að kveða breska verðbólguþráuginn niður. Þetta mun vera í annað sinn frá því King tók við stóli bankastjóra Englandsbanka sem hann lýtur í



læggra haldi á fundi peningamálanefndarinnar.

Verðbólga mældist 3,1 prósent í mars og greip bankinn strax til aðgerða. Skilaði það sér í því að verðbólga mælist nú 2,5 prósent, sem þó er nokkuð yfir 2,0 prósentu verðbólguþröskuldröngum Englandsbanka.

Breskir greinendur segja það hafa komið mjög á óvart hversu mjótt var á munum og telja auknar líkur á stýrivaxtahækkun í Bretlandi í brád. - jab

SEÐLABANKASTJÓRINN Mervyn King, breska seðlabankastjóranum, varð ekki að ósk sinni um hækkun stýrivaxta fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Arvato AG semur við OpenHand

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið OpenHand hefur gengið til samninga við alþjóðlega samskipta- og fjölmiðlafyrirtækið Arvato AG. OpenHand útvegar Arvato AG lausn fyrir nýja þjónustu sem er væntanleg á markað í Þýskalandi, en hún samtvinnar nokkrar samskiptalausnir í eina áskriftarleið. Þannig verði til dæmis hægt að nota tölvupóstþjónustu, skilaboðþjónustu, eins og msn, og tala um internetið.

OpenHand mun útvega þá lausn er veitir viðskiptavinum aðgengi að tölvupósti, dagatali og tengiliðalista en þjónustan byggir meðal annars á GPRS gagnaflutningum.

„Fyrir okkur er þetta mikið tækifæri fjárhagslega. Viðskiptavinahópur Arvato telur hundruð þúsunda. Miðað við okkar rekstr-



ARVATO AG VELUR LAUSN FRÁ OPENHAND Davíð Guðmundsson, markaðsstjóri OpenHand, við hlið Þuríðar Hjartardóttur, framkvæmdastjóra OpenHand.

armódel þarf ekki mikinn fjölda notenda í Þýskalandi til að verkefnið skili góðum arði,“ segir Davíð Guðmundsson, markaðsstjóri OpenHand, í fréttatilkynningu. Hann telur að samningurinn opni á ýmsar leiðir í Þýskalandi og gerir fyrirtækinu mögulegt að bjóða lausnina á fleiri stöðum en áður. Þá geti fyrirtækið boðið breiðum hópi núverandi viðskiptavina þessa nýju lausn.

Styðja sölu til Marel

Breska fjárfestingafélagið Candover birti í gær skilyrði fyrir væntanlegu yfirtökutilboði í hollensku samsteypuna Stork. Tilboðið hljóðar upp á 1,5 milljarða evra, jafnvirði 125,5 milljarða íslenskra króna en felur í sér að það sé bindandi berist ekki fimm prósentustiga hærri tilboð í samstæðuna. Þá er skilyrði



FRÁ HLUTHAFAFUNDI STORK

um að 80 prósent hluthafa verði að taka boðinu. Samþykki 95 prósent hluthafa þarf til að afskrá félagið. Tilboð Candover hljóðar upp á 47 evrur á hlut en gengið fór í 46,80 evrur og þykir lítill stuðningur fyrir boðinu í hluthafahópi Stork. Líklegra þykir því að nýtt og herra tilboð líti dagsins ljós. - jab

Kaupþing selur um þrettán milljarða „samúræjabréf“

Í skoðun er að sækja fjármögnun til Indlands, Kína og Suður-Kóreu til að dreifa áhættunni. Bankinn gefur út víkjandi skuldabréf að upphæð 21 milljarður króna.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Kaupþing horfir í vaxandi mæli til skuldabréfaútgáfu í Asíu. Japan er orðið einn af mörgum hornsteinum í fjármögnun bankans en fyrr á árinu fékk Kaupþing lánsþæfismat frá ROI, japönsku lánsþæfismatsfyrirtæki. Bankinn greinir frá „samúræjaútgáfu“ í Japan í dag þar sem seld voru skuldabréf fyrir um 25 milljarða jena, um 12,5 milljarða króna, til fjárfesta en kjörin lágu ekki fyrir við gerð þessarar fréttar.

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingar Kaupþings, segir að vel hafi gengið að sækja lánsfé til Japans. „Þetta er hluti af áhættudreifingu á okkar fjármögnun að sækja inn á nýja markaði. Við viljum kroppa smá upphæðir hér og þar án þess að hafa of mikil áhrif á kjörin á markaðnum.“ Hann bendir á að kjörin hafi batnað mikið frá því í september þegar Kaupþing fór í sínu fyrstu útgáfu í Japan sem nam fimmtíu milljörðum jena. Breytingar á markaðsaðstæðum valda þessu en einnig er Kaupþing orðið þekktara nafn meðal japanskra fjárfesta og hefur japanskt



FRÁ TOKYÓ Kaupþing gefur út 25 milljarða jena í Japan á mun betri kjörum en fengust við fyrstu skuldabréfaútgáfu bankans í fyrrihaust.

lánsþæfismat í vasanum.

Guðni segir að Kaupþing vilji sækja fjármögnun inn í Asíu. Indland, Kína og Suður-Kórea eru í sigtinu hjá Kaupþingsmönnum, meðal annars til að fylgja eftir starfsemiinni í Mið-Austurlöndum. Fyrr á árinu fór bankinn í fyrsta skipti inn í Kanada.

Kaupþing hefur selt víkjandi skuldabréf að upphæð 250 milljónir evra, um 21 milljarður króna, til 66 fjárfesta. „Útgáfan er fyrst og fremst gerð í þeim tilgangi að mæta vexti í vaxandi banka,“

segir Guðni. Bréfin teljast með eiginfjárbætti A (Tier 1) og bera 6,75 prósentu fasta vexti án loka-gjalddaga. Þau eru þó innkallanleg af hálfu útgefanda að fimm árum liðnum. „Við gerum þetta reglulega að bæta við víkjandi skuldabréfum. Markaðsaðstæður hafa verið góðar á síðustu vikum og því létum við slag standa.“

Markmið Kaupþings er að eiginfjárlutfall A sé yfir átta prósentum en það var vel yfir þeim mörkum við lok fyrsta ársfjórðungs. Guðni segir að eiginfjárlutfallið hækki um 0,8 prósentustig.

Fjórir bankar, Citigroup, Credit Suisse, Deutsche Bank og HSBC, önnuðust útgáfuna.

Vorsprung durch Technik www.audi.com

Orka óháð tíma og rúmi



Audi A4 s-Line 2,0 lítra vél, stíglaus multitronic sjálfskipting, Bi-Xenon aðalljós, sóllúga, 17" álfelgur.
Verð 3.850.000 kr.



Fljúgum hærra!


SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%**.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*



75 ára

 **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðs lýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

Engum aukafarþegum hleypt með

Flest bendir nú til þess að af yfirtöku Björgólfs Thors Björgólfssonar á Actavis verði. Fjárhagslegur styrkur hans, meðmæli stjórnar félagsins og herra yfirtökutilboð bendir til þess að þetta verði niðurstaðan. Fjárfestar eru missáttir við að þurfa frá að hverfa. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* komst að raun um að hjá Björgólfi kemur ekkert annað til greina en full yfirráð.



MARKAÐURINN / ANTON

Viðbúid er að einhverjum af þúsundum hluthafa í Actavis muni þykja spennandi kostur að halda í hluti sína í félaginu, þrátt fyrir að félagið yrði afskráð. Novator hefur hins vegar ekki í hyggju að taka aðra fjárfesta með sér yfir í óskráða félagið. „Yfirtakan á Actavis verður skuldbær. Forsenda fjármögnunar og lána frá hendi lánveitenda er að um full yfirráð yfir félaginu verði að ræða. Áhættan af þessum lánnum er slík að hún er ekki fyrir almenna hluthafa að eiga við,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators. „Novator mun því beita þeim úrræðum sem eðlileg eru til að ná þessu marki. Eitt verður látið yfir alla ganga í þeim efnum.“

Til að Novator geti afskráð Actavis þarf einfaldan meirihluta stjórnar. Það er í höfn eftir að nýtt yfirtökutilboð kom fram í síðustu viku sem stjórnin mælti með. Þegar tveir þriðju hluthafa hafa gengið að tilboðinu, sem þykir langlíklegast að verði raunin, er Novator komið í þá stöðu að geta tekið afdrifaríkar ákvarðanir fyrir hönd Actavis. Ef ákveðið hlutfall hluthafa situr sem fastast á sínum hlutum gæti Novator til dæmis samþykkt sameiningu við annað félag í eigu sömu aðila. Þannig yrðu hlutir minnihlutans þynntir út, þangað til Novator næði níutíu prósentu markinu sem nauðsynlegt er til að geta þvingað þá til að selja sína hluti.

TELJA TILBOÐIÐ SANNGJARNT

Nýtt yfirtökutilboð Novators, sem kom fram í síðustu viku, hljóðar upp á 1,075 evrur á hlut. Það er um það bil tíu prósentu hækkun frá fyrra tilboðsverði. Stjórn félagsins, sem ráðlagði hluthöfum frá því að samþykka fyrra tilboð, mælir nú með því að þeir taki nýju boði. Það álit byggir hún á mati JP Morgan sem fenginn var að málinu sem óháður matsaðili.

Fjárfestingarbankinn Cazenove sendi á mánudag frá sér nýja greiningu á félaginu. Bankinn, sem taldi fyrra tilboðið sanngjarnt, stendur við það. Hann hefur þar að auki breytt ráðgjöf sinni til fjárfesta úr yf-

irvogun í markaðsvogun, í ljósi þess að næstu skref í yfirtökuférlinu séu nokkuð fyrirsjáanleg. Aukagreiddslu til hluthafa, verði félagið selt á næstu tólf mánuðum, telur bankinn taka fyrir þær áhyggjuraddir að Novator ætli að kaupa félagið til að selja það fljótt aftur með hagnaði. Að minnsta kosti verði það ekki gert án þess að hluthafar fái sinn réttláta skerf. Meðmæli stjórnarinnar og sú staðreynd að Björgólfur og félag honum tengd eiga næstum fjörutíu prósentu hlut í félaginu gefur, að mati bankans, einnig til kynna að afar ólíklegt sé að þriðji aðili komi að tilboðisferlinu.

Jónas Friðþjófsson, sérfræðingur á greiningardeild Glitnis, segir hluthafa geta verið sátta við nýtt yfirtökutilboð frá Novator. „Fyrra tilboð Novators var nokkurn veginn í takt við verðmat okkar á félaginu. Hins vegar gátum við ekki mælt með því við hluthafa í ljósi þess að í samamburði við undanfarnar yfirtökur í lyfjageiranum hefði mátt búast við herra verði en því sem nemur verðmatinu, sökum samlegðaráhrifa. Hluthafar gætu því búist við meiri ávöxtun á bréf sín. Við teljum hins vegar nýja tilboðið sanngjarnt.“ Hann segir fyrirvarann á tilboðinu, um hlutdeild hluthafa ef fyrirtækið yrði selt innan árs, ekki skipta sköpum í álit greiningardeildarinnar. „Þessi klausa tryggir að hluthafarnir fái að njóta hagnaðarins af herra tilboði ef Novator selur félagið áfram. Ég á ekki von á að félagið verði selt innan tólf mánaða. Skyldi það gerast er þessi aukaklausa ágætis trygging. En verðið sem nú er boðið er sanngjarnt, eitt og sér.“

UNDRAST ÓVINVEITT TILBOÐ

Hluthafar í Actavis geta beðið fram til klukkan fjögur þann 6. júlí með að taka ákvörðun um sölu bréfa sinna. Flestir af stærstu hluthöfum félagsins hafa ekki enn gert upp hug sinn. Karl Wernersson er annar stærsti hluthafinn á eftir Björgólfi Thor. Hann á um það bil sjö prósentu hlut í félaginu í gegnum fjárfestingarfélagið Milestone. Hann hefur ekki tekið ákvörðun. „Valkostirnir í stöðunni eru ekki margir. Við erum undrandi á því að nánast óvinveitt yfirtökutilboð komi innan úr herbúðum félagsins. Að stjórnin skyldi hafa hafnað því gefur til kynna að tilboðið hafi ekki verið mjög vinveitt. Þetta er mjög óvenjuleg staða. Þannig að við erum enn þá að skoða málið.“ Hann segist ekki gera ráð fyrir að ákvörðun verði tekin fyrr en á síðasta degi.

EKKI NÁÐIST Í RÓBERT WESSMAN, forstjóra og stjórnarmann í Actavis, sem er þriðji stærsti eigandi félagsins með um fjögurra prósentu hlut. Telja má víst að hann muni selja sinn hlut.

ÁKVÖRÐUN LÍFEYRISSJÓÐANNA

Lífeyrissjóðurinn Gildi, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins eiga samanlagt tæp sjö prósent í Actavis. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Gildis, segir endanlega ákvörðun um sölu bréfanna ekki hafa verið tekna. Í fljótu bragði sýnist honum þó að nýja tilboðið frá Novator muni ekki breyta þeirri afstöðu sjóðsins að vilja halda í bréf sín. „Ég þori ekki að fullyrða um að það verði lokaniðurstaðan. Eins og er erum við hins vegar ekkert sérstaklega spennt fyrir að taka þessu tilboði.“ Hluttur Gildis nemur 2,60 prósentum. Lífeyrissjóðir hafa takmarkaða heimild til að fjárfesta í óskráðum félögum. Árni telur það ekki verða vandamál í þessu tilfelli. „Við myndum sjálf-sagt fara nokkuð nærri mörkunum ef Actavis yrði afskráð félag. En við gætum gert einhverjar ráðstafanir með aðra hluti svo þær takmarkanir ættu ekki að valda okkur vandræðum.“

Forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Þorgeir Eyjólfsson, sagði ákvörðun ekki hafa verið tekna innan sjóðsins um hvort bréfin í Actavis verði eða verði ekki seld. Hann vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti. Ekki náðist í Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Líklegt þykir að afstaða lífeyrissjóðanna verði á svipuðum nótum enda er ekki talið ólíklegt að þeir ráðfæri sig hverjar við annan. Ljóst er að fyrra tilboð vakti ekki lukku hjá sjóðunum. Ef sú staða kæmi upp að enginn þeirra samþykkti tilboð Björgólfs þyrfti ekki nema fá prósentustig til viðbótar til að níutíu prósentu hluturinn næðist ekki. Þá má gera ráð fyrir því að íslenskir áhorfendur Actavis-leikana verði vitni að glænýrri atburðarás héraendrar yfirtökusögu.

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

 **mentis** HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
til 1. júlí á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile



Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

NETPJÓNA SÍMANS

Netþjónabú hafa verið rekin hér á landi um árabíl. Þau eru hins vegar talsvert minni í sniðum en þær gagnageymslur sem Microsoft og Yahoo eru að hugsa um að byggja hér á landi.

MARKAÐURINN/ANTON BRINK



Netþjónabúin skera úr um sig

Stærstu hugbúnaðarfyrirtæki í heimi keppast nú um að koma sér upp gríðarstórum gagnageymslum, netþjónabúum staklinga eru vistuð. Talað hefur verið um nýja og græna stóriðju hérlendis. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynnti sé þau hafi fyrir Ísland.

Niðurstöður athugunar á samkeppnishæfni Íslands fyrir netþjónabú voru kynntar í síðustu viku. Að baki skýrslunni stóðu Fjárfestingastofa Íslands, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Farice, Síminn og Teymi. Niðurstöðurnar voru einkar jákvæðar. Þar kom fram að ytri skilyrði fyrir byggingu og rekstur netþjónabúa er einkar hagkvæmt fyrir hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki.

Kaup- eða leiga á lóð undir netþjónabú er almennt ódýrari hér en í þeim löndum sem netþjónabú eru fyrir. Þá er rafmagnskostnaður um 20 til 30 prósentum lægri hér en í helstu samkeppnislöndunum, Bandaríkjunum og á Indlandi. Rafmagnskostnaður er mjög mikilvægur liður því stór hluti af kostnaði við netþjónabú liggur í mikilli orkuþörf vegna kælingar á tölvubúnaði. Helsti þröskuldurinn sem staðið hefur í vegi fyrir uppbyggingu sem þessari hefur verið ótryggt netsamband

Íslands við umheiminn. Til stendur að laga það með lagningu nýs sæstrengs til Evrópu og Grænlands á næstunni. Að því loknu verður netsamband Íslands við umheiminn tryggt til frambúðar.

Netþjónabú hafa verið starfrækt í ýmsum myndum um árabíl víða um heim um nokkurra ára skeið. Þar af eru nokkur nú þegar hérlendis af minni gerðinni. Þau eru ídulega tengd tölvufyrirtækjum sterkum böndum og notuð til að þjónusta viðskiptavinum fyrirtækjanna.

Nokkur erlend fyrirtæki, þar af tvö af stærstu net- og hugbúnaðarfyrirtækjum í heimi hafa alvarlega viðrað hugmyndir um að reisa netþjónabú hér á landi á síðustu tveimur árum.

Fulltrúar netveitunnar Yahoo komu hingað til lands um miðjan mánuðinn til að kynna sér aðstæður, ræða við ráðamenn og fulltrúa Orkuveitu Reykjavíkur. Var haft eftir Kevin

Timmons varaforseta aðgerðadeildar Yahoo, að sér þætti landið afar spennandi kostur. Yahoo, sem er meðal stærstu netfyrirtækja heims og býður leitarþjónustu og ókeypis pósthjónustu, rekur 20 netþjónabú víða um heim. Fyrirtækið leitar nú möguleika á því að byggja nýjar gagnageymslur og koma tíu lönd til greina auk Íslands.

Fulltrúar frá Microsoft komu í kjölfarið undir lok mánaðarins. Góður grunnur hafði verið lagður að heimsókn fulltrúa fyrirtækisins en bygging netþjónabús er afrakstur viðræðna þeirra Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, og Bill Gates, stofnanda og stjórnarformanns bandaríska hugbúnaðarísans Microsoft, en þeir hittust á ráðstefnu í Edinborg í Skotlandi í janúar þar sem rætt var um áhrif upplýsingatækni á lýðræði og atvinnulíf í Evrópu. Í kjölfarið var Microsoft á Íslandi falið að athuga möguleikann á því að opna netþjónabú hér.

Ísland hefur allt að bjóða

Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu Íslands, kynnti skýrslu um samkeppnishæfni Íslands varðandi uppbyggingu netþjónabúa hér á landi í síðustu viku. Hann segir um tug fyrirtækja hafa leitað hingað til lands á tiltölulega stuttum tíma og kannað málið. Skýrslan staðfesti það sem flesta í upplýsingatækni hafi grunað, að veruleg viðskiptatækifæri felist í uppbyggingu netþjónabúa hér á landi.

Sambærileg skýrsla var gerð fyrir um fimm árum síðan. En margt hefur breyst síðan þá, að sögn Þórðar. „Orkunotkun er orðin mun meiri nú á hvern fermetra en áður auk þess sem orkukostnaður hefur hækkað verulega erlendis. Í þriðja lagi er komin staðfesting frá stjórnvöldum um að nýr sæstrengur verði lagður á næsta ári. Það

er algjör forsenda þess að hægt er að kynna málið sem áhugaverðan kost,“ segir hann og bætir við að Ísland sé efst á blaði í mælingu alþjóðlegra fyrirtækja og stofnana um öryggi í afhendingu raforku. „Það er lykilatriði,“ segir Þórður og leggur áherslu á að Ísland sé samkvæmt þessu með öruggasta rafdreifikerfi í heimi. Ísland uppfylli því vel skilyrði fyrir rekstur netþjónabúa.

Ekki liggur fyrir hvað netþjónabú muni rísa. Þórður segir þau verða í námunda við raf- og gagnaveitukerfi. „Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes koma sterklega til greina en uglaust líka staðir úti á landi. Ljósleiðarakerfið nær hringinn um landið og það er því engin fyrirstaða,“ segir hann.

Þórður segir netþjónabúin sem net- og hugbúnaðarissarnir hafi velt upp



ÞÓRÐUR H. HILMARSSON Framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu Íslands segir landið bjóða upp á bestu skilyrði fyrir rekstur netþjónabúa. Geti fyrirtæki sparað tugi milljóna vegna lægri kostnaðar við kælingu á tölvubúnaði hér en í öðrum löndum.

MARKAÐURINN/GVA

mun stærri en hefðbundin netþjónabú, sem séu mun minni. „Meðalbúið er ekki nema um 1.000 til 1.500 fermetrar með raforkuþörf upp á eitt til fimm

megavött,“ að sögn Þórðar sem bendir á að einkaaðilar geti sömuleiðis ráðist í byggingu búanna og leigt rými til fyrirtækja. „Það yrði ein útfærslan sem bæði innlendir og erlendir aðilar sem gætu hugsað sér að gera,“ segir hann og bætir við að Ísland hafi upp á margt að bjóða. Hér sé samkeppnishæft orkuverð, orkan endurnýjanleg sem sé að verða markaðstæki í geira sem þessum auk þess sem lóðaverð sé lægra en í þeim löndum þar sem stórfyrirtækin eru nú þegar með netþjónabú. Ofan á þetta bætist svo loftslag, sem er svalara hér en í öðrum löndum. „Þetta jafna og tiltölulega svala loftslag sem er hér gerir kæliþörfina miklu minni en annars staðar. Það má reikna í einhverjum tugum milljóna sem sparast í orkukostnað vegna minni kælingar á tölvubúnaði hér,“ segir Þórður.



CE merking byggingavara
www.si.is/ce



**Framtíðin
er í okkar
höndum**

Framtíðin felst í hátækni
Sjá stefnu Samtaka iðnaðarins og áskorun á www.si.is



0101010ATGC10101010ATGC
1010ATG
01010A
0ATG
1010
ATGC0
1010ATGC
010ATGC1010
ATGC01010A

meistarinn.is

Hvetjum landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi og það er að finna á Meistarinn.is

Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 27. JÚNÍ 2007



www.si.is/ismot

ÍSMÓT 2007

Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga, gullsmíða, klæðskera og ljósmyndara í Samtökum iðnaðarins

1. - 2. september í nýju Íþrótt- og sýningarhólinni í Laugardal

SÖLUSÝNING

- KYNNINGARFUNDUR Á MORGUN

SI og AP sýningar efna til opins kynningarfundar um sýningarhluta ÍSMÓTS fimmtudaginn 28. júní frá 9:00 til 10:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 6. hæð.

Búist er við töluverðri aðsókn fagfólks og almennings á ÍSMÓT 2007, m.a. verður aðgangur ókeypis báða dagana. Mótshaldarar hafa orðið varir við mikinn áhuga á sýningunni. Fjöldi fyrirspurna hefur borist og sala sýningar-ryma hefur farið mjög vel af stað. Tekið er við fyrirspurnum hjá AP sýningum í síma 511 1230 og á ismot@appr.is. Sjá nánar á www.si.is/ismot

SI
Samtök iðnaðarins






● **NÁM Í IÐNFRÆÐI** Í Haskólanum í Reykjavík er boðið upp á fjölbreytilegt nám í iðnfræði. Þar eru fjórar greinar í boði: bygginga-, raf-, vél- og rekstrariðnfræði. Námið er 45 eininga hagnýtt nám á háskólastigi. Til þess að útskrifast sem iðnfræðingur þarf nemandi að ljúka sveinsprófi í iðngrein, þá veitir iðnfræðinámið rétt til meistarábréfs.



Hvað eru sprotafyrirtæki?

Samkvæmt skilgreiningu Samtaka sprotafyrirtækja á Íslandi, SSP, eru fyrirtæki sem eru sprotin upp úr rannsókn- eða þróunarverkefni einstaklinga, hópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi flokkuð undir sprotafyrirtæki.

Miðað er við að hlutafélög, einkahlutafélög eða samvinnufélög sé að ræða, að þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að minnsta kosti tíu prósent af veltu og að fyrirtækin séu ekki skráð í kauphöll. Um leið og velta fyrirtækis fer yfir milljarð króna eða er skráð í kauphöll hættir það að vera sprotafyrirtæki.



Framkvæmdastjórinn Helgi og tæknifræðinemininn Jón Eiríksson við vélina góðu sem leysir mannhöndina af hólmi við þökkun á ferskum fiski.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vélin fer betur með hráefnið en áður hefur sést

Fyrirtækið Valka hefur þróað vél sem þakkar ferskum fiski. Hún þykir meðhöndla hann svo mjúklega að henni er líkt við foreldri sem leggur barn sitt í vögg.

„Þökkunarvélin sem er að fæðast hjá okkur tekur við fiskinum flökudum og snyrtum og raðar honum ofan í kassa. Þetta er heilmikil nýjung því víðast hvar er þetta unnið handvirkt í dag,“ segir Helgi Hjálmarsson framkvæmdastjóri Völku. „Vélin getur flokkað fiskbita í mismunandi kassa eftir þyngd og hún tryggir að þyngdin á hverjum kassa verði nákvæmlega rétt. Þá er seljandinn ekki að gefa neitt að óþörfu. Þetta er nú það sem græjan er að gera.“

Nýja vélin nefnist Rapid Aligner og hefur orðið til í samvinnu Völku, Nýfisks í Sandgerði og Háskólans í Reykjavík. Helgi segir styrki hafa fengist frá Rann-

ís og Sjávarútvegssráðuneytinu til þróunarinnar. „Við hönnum vélina með þrívíddarforriti og erum í sambandi við verktaka úti í bæ sem smíðar fyrir okkur,“ lýsir hann.

Helgi bendir á að fiskvinnslan taki breytingum. „Fyrir nokkrum árum var allur fiskur frystur en nú er farið að senda hann ferskan úr landi í meira mæli sem næstum fullbúna afurð. Til dæmis þorsknakka, þorssporða eða karfaflök. Vélin okkar er hönnuð til að þakka þessum afurðum í frauðplastpakka sem fara síðan í flug.“ Hann segir Rapit Aligner hafa verið á sjávarútvegssýningu í Brussel í vor og viðbrögðin hafi verið góð. Stefnit sé með hana á markað bæði heima og erlendis enda hægt að laga hana að þörfum á hverjum stað. „Vélin fer miklu betur með hráefnið en sést hefur áður og Gunnar Bragi Guðmundsson aðstoðarframkvæmdastjóri Nýfisks líkir vinnubrögðum henn-

ar við það þegar foreldri leggur barn sitt í vögg,“ segir hann.

Helgi nefnir líka annan búnað sem er nýr af nálinni. Það er sjálfvirkir sölukerfi fisks á vefnum sem einfaldar mjög samskipti seljanda og kaupanda. Hann kallar það RapidTrade og lýsir því svo: „Þöntunin kemur beint inn á tölvuna sem síðan heldur utan um hana, gefur henni númer og prentar miða á kassana. Áður voru menn að hringja á milli eða senda tölvupóst. Seljandinn þurfti að slá þöntunina inn og hafa síðan samband við framleiðsluhúsin. Þetta leysir RapidTrade vel.“

Valka hóf starfsemi árið 2003 og þróar bæði vélbúnað og hugbúnað. „Markaður fyrir fiskvinnslutæki verður til áfram og í honum felast mörg tækifæri,“ segir Helgi. „Málið snýst um að standa sig í að koma með lausnir sem sá markaður þarfnast, á því verði sem hagkvæmt er.“

gun@frettabladid.is



Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN



Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir

Víðarhöfða 3 • Sími 577 5050

www.gluggasmidjan.is

Yuchai smábelta-gröfur



YC-15 Nýtt módel með húsi
1.6 tonn á breikkanlegum undirvagni.
Verð kr. 1.399.000 + vsk



YC-18 Nýtt módel
1.8 tonn á breikkanlegum undirvagni.
Verð kr. 1.698.000 + vsk



YC-30 Ný vél
3.0 tonn á gúmmibeltum.
Verð kr. 2.550.000 + vsk



YC-35 Nýtt módel
3.8 tonn á gúmmibeltum.
Verð kr. 2.795.000 + vsk



YC-55 Nýtt módel
5.7 tonn á gúmmi og stálbeltum.
Verð kr. 3.690.000 + vsk



Úrval aukahluta borar, skóflur, fleygar o.fl.

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík
Sími 5 800 200
www.velar.is



Heimurinn minn er fræðsluvefur um umhverfismál fyrir grunnskólakrakka. Hann er hægt að finna á slóðinni www.heimurinn.is og er opin allum.



Stærðfræðiforritið Glói í stærðfræðiheimi hefur að geyma fjölda æfinga sem heldur börnum vel við efnið.

Geimvera kennir lestur

Margir kannast við Glóa geimvera sem kennt hefur börnum að lesa og reikna. Grafíska hönnunarstofan Næst stendur á bak við þessi vinsælu kennsluforrit sem finna má í flestum skólum landsins.

„Fyrsta Glóaforritið heitir Glói lærir að lesa og kom út árið 2002. Við hönnuðum það í samstarfi við Námsgagnastofnun en það varð mjög vinsælt og er notað í flestum skólum sem og á mörgum heimilum,“ segir Björn Valdimarsson grafískur hönnuður og framkvæmdastjóri Næst. Ári síðar kom út forritið Glói í lestrarheimi sem er framhaldskennsla í lestri en bæði forritin eru ætluð fyrstu bekkjum grunnskóla. Á síðasta ári var svo farið út í stærðfræðikennslu. „Glói í stærðfræðiheimi er fyrir fyrsta til þriðja bekk. Það byggist á endurteknum stærðfræðiæfingum og heldur meðal annars krökkum sem eru ögn seinfærir eða ópolinmóðir vel við efnið.“

Það eru þó ekki einungis grunnskólakrakkar sem njóta kennslufor-

rita frá Næst. „Eftir Glóa gáfum við út nýtt forrit, Doppa bregður á leik, sem ætlað er leikskólakrökkum. Þar er tölvunotkun æfð ásamt þjálfun í hugtökum svo sem fyrir framan og aftan og lítið og stórt,“ segir Björn og bætir því við að þessi kennsla í almennri færni hugtaka hafi einnig verið vinsæl fyrir þroskaheft börn.

Nú hafa starfsmenn Næst fært sig yfir á vefinn í samstarfi við námsgagnastofnun. „Listavefurinn er fyrir fimmta til tíunda bekk grunnskóla þar sem líkt hefur verið eftir Listasafni Íslands. Hægt er að



Í könnun frá árinu 2005 mæltu kennarar oftast með kennsluforritunum með Glóa geimveru. Nemandur kusu forritið sem það skemmtilegasta.



Björn Valdimarsson er framkvæmdastjóri hönnunarstofunnar Næst sem hannað hefur fjölmörg kennsluforrit fyrir krakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fara í mismunandi sali og skoða listaverk ásamt upplýsingum um þau. Einnig eru gagnvirk verkefni til að læra hugtök svo sem fjarvið og sjónarhorn,“ segir Björn og heldur áfram. „Hitt verk-

efnið heitir heimurinn.is en þar er að finna fræðslu og verkefni um umhverfismál. Það skiptist niður í þrjú stig og hentar því öllum bekkjum grunnskóla.“

mariathora@frettabladid.is

Ert þú leið(ur) á að skipta um þerur?

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et EHF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



ÖFLUG TÆKI TIL ALLRA VERKA ...OG ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ



Eigum á lager bensín- og dieseldrifnar **RAFSTÖÐVAR** 1-60 kw. Einnig fáanlegar í hljóðeinangruðum húsum



Eigum ávalt á lager **HÁÞRÝSTI-DÆLUR** í öllum stærðum

- Rafmagnsdrifnar
- Diesel drifnar
- Bensin drifnar

Mikið úrval af fylgihlutum.



Eigum á lager öflugar bensín- eða dieseldrifnar **VERKTAKADÆLUR** til allra verka
Afkastageta: 500-1800 lítrar á mínútu, 2-4 tommu

Eigum á lager hljóðlátar, öflugar iðnaðar**RYKSUGUR** fyrir ryk og vatn. Eins, tveggja og þriggja mótora



Dynjandi er brautryðjandi í öryggismálum á vinnustöðum.

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði og vinnufatnaði og höfum áratuga reynslu á því sviði þannig að þú getur treyst því að hitta á sérfræðinga þegar þú leitar til okkar.

Einnig bjóðum við öflug tæki til ýmissa verka, rafstöðvar, ryksugur, vatnsdælar, rafstöðvar og fleira.

Stuttur afgreiðslutími á sérþöntunum

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI

allt fyrir öryggið



**STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT**



Helgi Páll Þórisson til vinstri ásamt félaganum Óðni Þráinssyni, sem starfa saman hjá fyrirtækinu Greind.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Tímarpantanir á netinu

Greind er fyrirtæki sem sérhæfir sig í margmiðlun og vefbundnum lausnum.

„Fyrir skömmu fórum við að bjóða upp á notkun kerfis sem kallast kallast ITBoss. Þetta er miðlægt og netvænt verkþókhald, sem heldur líka utan um tíma,“ segir Helgi Páll Þórisson, verkefnastjóri hjá Greind, hugbúnaðarfyrirtæki sem var upphaflega stofnað í kringum veiðivefinn www.agn.is árið 2002, en sérhæfir sig nú í margmiðlun og vefbundnum lausnum.

„ITBoss er sniðug heildarlausn fyrir fyrirtæki sem eru með tíu starfsmenn eða fleiri,“ heldur Helgi

áfram. „Sem stendur nota sex stór íslensk fyrirtæki kerfið, sem er búið til og þróað af okkur.“ Við það má bæta að ITBoss byggir á svokölluðum LAMP lausnum, sem fást gefins á Internetinu undir Open Source staðli. Því kostar uppsetning á kerfinu ekki neitt fyrir fyrirtæki og einkaaðila, að því er fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins, www.greind.is.

Greind heldur líka úti bókunarforritinu Ester á netinu, sem Helgi segir henta fyrirtækjum með kúnna sem panta sér reglulega þjónustu. „Viðskiptavinir geta farið inn á heimasíðu fyrirtækisins, séð hvort laust er í tíma og gengið frá tímarpöntun með aðstoð kerfis-

ins. Svo er hægt að fá áminningu senda með sms eða í tölvupósti. Fyrirtækin Veggspori og Iceland Spa Fitness hafa þegar tekið það í notkun. Notendum á vafalaust eftir að fjölga enda mikill tímasparnaður fólgin í notkun þess.“

Að sögn Helga eru starfsmenn Greindar jafnframt önnur kafnir við hönnun netleikja og umsjónarsjónvarpskerfis fyrir hótél, sem kallast Nova Inroom og heyrði áður undir fyrirtækið Nova Media. „Við erum að reyna eftir fremsta megni að vera vakandi fyrir tækninýjungum á markaðnum,“ segir hann. „Enda viljum við að þekkingin skili sér til viðskiptavinanna.“

roald@frettabladid.is



LANDSNET



HVITA HÚSID / SJÁ / ÚTSKYND BIRT MEÐ LEYFI NASÁ

**AUKIÐ FRELSI -
BJARTARI FRAMTÍÐ**

Nú geta allir raforkunotendur, þar með talin heimilin í landinu, ráðið af hvaða framleiðanda raforkan er keypt.

Landsnet gegnir lykilhlutverki í markaðsvæðingu raforkukerfisins. Starfsemi þess snertir hvert byggt ból og Íslendinga alla.

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmi að leiðarljósi.

Til flutningskerfisins teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína, samtals um 3000 km af línum. Landsnet á og rekur einnig um 70 tengivirki víðsvegar um land.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.





Vöxtur í hugviti

Marel Food Systems fjárfestir meira í rannsóknar- og þróunarvinnu en nokkur annar framleiðandi tækjabúnaðar fyrir matvælaíðnað í heiminum. Árangurinn eru 15–20 byltingarkenndar hátækni-nýjungar á ári. Með nánu samstarfi við matvæla-framleiðendur um allan heim finnum við lausnir sem gera þeim kleift að vera fyrstir á markað með nýjungar.

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems

MEMBERS OF MAREL FOOD SYSTEMS *Cæw delford* *Carnitech* *Marel* *Scanvaegt*

Auka orkunýtingu en minnka útblástur

Gerð hugbúnaðar sem sér til þess að orka um borð í skipum nýtist sem best er höfuðviðfangsefni fyrirtækisins Marorku.

„Öll orka um borð í skipum er framleidd með olíu. Okkar takmark er að hámarka nýtingu orkunnar og um leið lágmarka olíunotkunina,“ útskýrir Haukur Már Stefánsson, rekstrarstjóri Marorku þegar hann er inntur eftir starfsemi fyrirtækisins. „Við smíðum stærðfræðilíkan fyrir hvert skip og setjum það upp í tölvu sem við komum fyrir um borð. Síðan mælum við raunveruleg orkugildi og berum saman við líkanið. Þannig sjá skipstjórnarmenn hvernig þeir geta hagað siglingu og notkun á búnaði á þann hátt að nýting orkunnar sé sem best en olían sparist og útblástur mengandi efna sé í lágmarki.“

Marorka spratt uppúr doktorsverkefni Jóns Ágústssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins og hóf starfsemi sína árið 2002. Þá voru þrjú menn þar í vinnu en nú eru þeir 18 og fyrirtækið komið með söluskrifstofur í Noregi og Danmörku. Það fékk verðlaun sem „vaxtarsproti ársins“ fyrr á þessu ári hér á landi því það óx mest

allra íslenskra sprotafyrirtækja milli ára 2005 og 2006. Norður-Atlantshafssvæðið allt er þó markaður þess og nú um miðjan júní tók það þátt í stórrí sýningu í Ósló, Nor-Shipping 2007. „Við erum komnir í samstarf við nánast allar stærstu útgerðir í Evrópu, til dæmis Maersk í Danmörku, sem er stærsta skipafélag í heimi og Wilhelmsen sem er mest í bifreiðaflutningum frá Japan. Einnig höfum við selt kerfið í allar nýsmíðar fyrir Íslendinga að undanförunu en okkar aðalviðskipti eru þó erlendis,“ segir Haukur Már.

Spurður hvort hann sjái fyrir þér áframhaldandi vöxt innan þessa geira svarar hann að bragði. „Við erum rétt að byrja. Þetta er þannig iðnaður að það verður að halda honum við og stór hluti tekna okkar fer í þróunarvinnu.“ Að lokum er hann spurður hvort Marorka standi í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki með sömu hugsjónir og svarið er: „Já, við höfum forskot eins og stendur en samkeppnin mun aukast.“

gun@frettabladid.is

„Við smíðum stærðfræðilíkan fyrir hvert skip og setjum það upp um borð,“ segir Haukur Már rekstrarstjóri Marorku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



600

lítrar á dag

„Að reka kúabú og halda því vel við er hörkuvinna.“

Ég hef sparað tíma og fyrirhöfn með því að vera í viðskiptum við Lýsingu, þar sem einstaklega lípurt starfsfólk hefur ávallt tekið vel á móti umsóknum mínum og afgreitt þær fljótt og örugglega.“

Reynir Gunnarsson bóndi, Leirulækjarseli

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



● **TÓNLISTAR- OG RÁÐ-
STEFNUHÚSIÐ** Síðasta neðri botnplatan var steypd í Tónlistar- og ráðstefnuhúsið á dögunum en í þá plötu fóru um 1.300 rúmmetrar af steypu. Nú tekur því við mikil steypuvinna við vegg og plötur, uppbygging stálburðarvirkis og vinna við raflagnir, vatnslagnir og loftræstingu. Að lokum þarf að klæða húsið að utan með glerskúlpútur eftir Ólaf Elíasson.



● **BOÐIÐ UPP Á HRAÐ-
NÁM Í RAFIÐNGREIN-
UM** Iðnskólinn í Reykjavík býður nú í fyrsta skipti upp á hraðnám í rafíðngreinum. Námið er valkostur fyrir þá sem lokið hafa stúdentsprófi og fá þannig að sleppa almennum greinum námsins. Hraðnámið tekur því aðeins eitt ár í stað tveggja og ljúka nemanáminu með diplómaprófi. Hraðnámið er hugsað sem undirbúningur að frekara námi bæði í sterkstraumi og veikstraumi og geta nemarnir valið um að fara í framhaldsnám í rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun. Hraðnámið er kjörkomið tækifæri fyrir þá sem lokið hafa stúdentsprófi og vilja stytta nám sitt til sveinsréttinda.

Samtök iðnaðarins UM MENNTUN OG MANNAUÐ

Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppspretta þess auðs.


Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn.

Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda.

Úr ályktun Iðþings 2007.

SI

Samtök iðnaðarins



Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slyshættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísam og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss

www.danfoss.is



www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



Nú hefur fréttastofa úr heimi EVE Online hafið útsendingar á netinu.

Fréttastofa EVE Online

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP og útgáfufyrirtækið MMM Publishing Ltd, sem standa á bakvið tölvuleikinn Eve Online og tímariti honum tengdum, hafa hafið netútsendingar á nýrri sjónvarpsstöð, sem kallast EVE TV.

Um er að ræða vikulegar útsendingar á netinu helgaðar tölvuleiknum EVE Online. Auk þess er þar að finna ítarleg viðtöl og upplýsingar um spyrta og fréttaritara stöðvarinnar.

Nánar á www.eve-online.tv

Lausnir fyrir ríkislottó um heim allan

Betware er íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar lausnir fyrir ríkislottó um heim allan.

„Um þessar mundir erum við að vinna í tilboðs- og samningagerð gagnvart nokkrum stórum ríkislottóum og því óhætt að segja að spennandi tímar séu framundan,“ segir Stefán Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri og stofnandi íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins Betware, sem hefur alveg frá árinu 1996 þróað lausnir sem eru notaðar af ríkislottóum um heim allan.

Að sögn Stefáns er um að ræða peningaleiki, sem keyra á nýjum miðlum svo sem Interneti, sínum og gagnvirku sjónvarpi. Hafa lausnir fyrirtækisins vakið heimsathygli og komið því á kortið sem samkeppnisaðili á sviði peningaleikja.

„Við erum alltaf að stækka,“ bendir Stefán á máli sínu til stuðnings. „Sem dæmi keyptum við í nóvember síðastliðnum danska leikjafyrirtækið Certus sem sérhæfir sig í þróun fjölnotendaleikja og leikjasamfélags, eða gaming community eins og það heitir á ensku. Þetta er fyrirtæki sem þjónustar sjónvarpsstöðvar í Noregi, Danmörku



Stefán segir 63 starfsmenn starfa á fjórum starfsstöðvum Betware um allan heim og eru höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík

og Svíþjóð og farsímafyrirtæki í Danmörku og Bretlandi.“

Stefán telur að með kaupunum á Certus muni umsvif Betware stækka til muna, þar sem fyrirtækið geti nú boðið yfir 100 tegundir leikja. Þar á meðal fjölnotendaútgáfu af hinum þekktu leik Tetris,

sem gengur undir nafninu Block-War.

En skyldi engin áhætta fólgin í notkun leikja af þessu tagi? „Betware leggur mikla áherslu á öryggi, rekjanleika og skalanleika í leikjiumgjörð sem er bæði sveigjanleg og fjölbær,“ svarar Stefán. „Rekj-

anleikinn gerir viðskiptavinum Betware kleift að stemma stigu við ýmiskonar misnotkun, til dæmis misnotkun leikjafíkla. Enda er alls engin tilviljun að við þjónustum stóra viðskiptavini eins og danska ríkislottóið og ríkislottó bresku Kolumbíu í Kanada.“

roald@frettabladid.is

SérEfni ehf.



SérEfni ehf er nýr söluaðili Nordsjö inni- og útimálningarinnar.

Nordsjö gæðamálningin hefur verið á Íslenskum markaði í hálfu öld og reynst ákaflega vel þar sem hún er hönnuð fyrir norðlægar aðstæður. Starfsmenn SérEfnis ehf hafa þau markmið að bjóða fyrst og fremst upp á gæðaeftni og að veita faglega ráðgjöf og þjónustu. Leitið ráða um lita- og efnisval hjá efnaverkfræðingi, málara og ráðgjafa með þrjátíu ára reynslu. Gæði, þekking og reynsla tryggja rétta lausn við málun.

Í SérEfni ehf, Lág múla 7, er boðið upp á allar tegundir af inni- og útimálningu jafnt sem verkfæri og aukahluti. Nordsjö málningarvörurnar eru hannaðar með gæði og endingu að leiðarljósi þar sem tekið er tillit til umhverfispátta.

Nordsjö lökkin eru talin vera þau bestu á markaðnum og sækja fagmenn mikið í það að nota þau. Málningin frá Nordsjö er hönnuð fyrir fagmenn í húsamálun en henta engu að síður almenningi sem gerir kröfur um endingu og gæði. Útimálningin og viðarvörnin hefur síðast en ekki síst reynst vel og staðist tímans tönn á Íslandi. SérEfni ehf býður ennfremur upp á málningarvörur frá systurfyrirtæki Nordsjö, International.

Boðið er upp á vörur sem eru sérhannaðar til tæringarvarnar á stáli, þökum og málmum. Með gæðavöru hjálpar SérEfni þér að finna heildarlausn við málun jafnt úti sem inni.

SérEfni ehf Lág múli 7, bakhús. Opíð frá 08.00 – 18.00 alla virka daga og á laugardögum frá 10.00 – 14.00 Sími 517 04 04.



Íslensk hugbúnaðarlausn til Þýskalands

Alþjóðlega samskipta- og fjölmiðlafyrirtækið arvato AG hefur valið lausn íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins OpenHand fyrir nýja þjónustu sem er væntanleg á markaði í Þýskalandi. Fyrirtækið arvato AG er í þann mund að setja á markað lausn sem samtvinnar nokkrar samskiptalausnir í eina áskriftarleið. Í slíkri lausn verður hægt að nota tölvupóstþjónustu, skilaboðþjónustu, eins og MSN, tala um internetið og skoða og skrá fundi á dagatali. Þáttur OpenHand felst í því að útvega þá lausn sem veitir viðskiptavinum aðgengi að tölvupósti, dagatali og tengiliðalista. Þjónustan byggir á GPRS gagnaflutningum en einnig er nýtt tækni þriðju kynslóðar farsímakerfa (3G).

Davíð Guðmundsson markaðsstjóri OpenHand segir að það felist mikil viðurkenning í því að jafn stórt fyrirtæki og arvato AG gangi til samninga við OpenHand. „Fyrir okkur er þetta mikið tækifæri fjárhagslega. Viðskiptavinahópur arvato telur hundruð þúsunda.

Miðað við okkar rekstrarmódel þarf ekki mikinn fjölda notenda í Þýskalandi til að verkefnið skili góðum arði.“

Davíð segir að arvato búi yfir víðtækri hýsingarþjónustu og getur því boðið breiðum hópi núverandi viðskiptavina þessa nýju lausn; hvort sem það eru stór, smærri fyrirtæki eða einyrkjar. „Þá verður þjónustan boðin á afar samkeppnishæfu verði sem tryggir OpenHand mikinn sýnileika í Þýskalandi. Samningurinn gerir því OpenHand mögulegt að hasla sér völl þar í landi og bjóða lausnina á fleiri stöðum en áður.“

Fyrirtækið arvato AG rekur meðal annars fjölmiðla, hýsingarþjónustu, fjarskiptafyrirtæki, greiningafyrirtæki, gagnaveitu, markaðsfyrirtæki og prentfyrirtæki um heim allan. Í gegnum pósterfi fyrirtækisins fara um 650 milljónir tölvupósta ár hvert. Hjá fyrirtækinu starfa 47 þúsund starfsmenn. Þá er fyrirtækið með 270 útibú í 37 löndum og í kringum 35 milljónir viðskiptavina um heim allan.



Davíð Guðmundsson, markaðsstjóri OpenHand, og Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri OpenHand.



... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

**KLEMM-
FÓÐRINGAR**



LANDVÉLAR

Smiðjuvegí 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800



STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Hugbúnaðarfrælsið er yndislegt

Um allan heim eru stór samfélög tölvumanna sem gangast upp í að finna galla á hugbúnaði. Í tilfalli frjáls hugbúnaðar skipta þeir hundruðum þúsunda sem gera frjálsan hugbúnað öruggari en gengur og gerist.

Í byrjun síðasta árs var fyrirtækið 1984 stofnað. Að því standa þeir Sigurður Þ. Einarsson og Mörður Ingólfsson, en sérsvið þess er að þjónusta fyrirtæki og stofnanir með allt sem viðkemur tölvumálum, frá hýsingu yfir í hverskonar ráðgjafar í tengslum við kerfiskerstur og annað sem viðkemur tæknimálum á þessu sviði.

Mörður er mikill talsmaður þess að fyrirtæki hér á landi nýti sér frjálsan hugbúnað en með því er átt við hugbúnað sem hver og einn getur notað að vild. Eins og staðan er í dag er Microsoft mjög ráðandi á hugbúnaðarmarkaðnum og margir notendur átta sig ekki á að hægt er að nota önnur kerfi og annan hugbúnað en þann sem smíðaður er af Microsoft.

Mörður telur þetta áhyggjuefni og bendir um leið á að héraendis séu aldrei upp neytendur sem aðeins þekkja einn vöruflokk.

„Í skólakerfinu er eingöngu kennt á séreignarhugbúnað sem þýðir að fólk útskrifast með mjög

einhæfa þekkingu. Þannig býr menntakerfið til fólk sem er háð ákveðnum vörum af því það var ekki boðið upp á aðra valkosti og með þessu er einokunarstöðu Microsoft viðhaldið,“ segir hann.

Hjá 1984 er lögð áhersla á að kynna kosti frjáls hugbúnaðar sem Mörður segir ótal marga. Meira öryggi sé fólgið í því að nýta frjálsan hugbúnað, þar sem fleiri komi að því að finna meinta galla í kerfum og um leið sjá til þess að þeir séu fjarlægðir.

„Frjáls hugbúnaður virkar þannig að notandinn má gera það sem hann vill við hugbúnaðinn. Hann hefur frjálsan aðgang að grunnkóða hugbúnaðarins og getur breytt honum að vild. Dæmi um hugbúnað af þessu tagi eru Mozilla Firefox vafrinn, Thunderbird pósthóttitil og Linux stýrikerfið. Open Office er svo svar frjálsa hugbúnaðarins við Office-pakkanum frá Microsoft,“ segir Mörður og bendir á að fyrir frjálsan hugbúnað þurfi yfirleitt ekki að borga þó að vissulega komi það fyrir.

„Það besta við frjáls hugbúnaðarkerfi er sú staðreynd að þau hafa mikið betra öryggisorðspor en séreignarhugbúnaður, jafnframt því að vera óháð framleiðandanum. Ástæðan fyrir því að framleiðendur séreignarhugbúnaðar leyndu oft göllum í kerfinu er sú að þeir hafa oft ekki bolmagn eða mannafla til að lagfæra breytingar og



Mörður Ingólfsson og Sigurður Einarsson, mennirnir á bak við 1984, leggja sérstaka áherslu á að kynna viðskiptavinum sínum kostina við frjálsan hugbúnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þetta getur haft leiðinda afleiðingar í för með sér. Hugbúnaður er yfirleitt flókin smíð og það eru alltaf einhverjir sem hafa af því ýmist ánægju, hagsmuni eða hvortveggja, að finna öryggisveitur í honum. Slíkir gallar eru óumflýjanlegir og ekki hefur verið settur á markaðinn sá hugbúnaður sem ekki hefur á sér einhvern galla. Í

tilviki frjáls hugbúnaðar eru risastór samfélög mjög hæfra tölvumanna um allan heim sem gangast upp í að fylgjast með, finna og lagfæra galla í kóðanum og þetta gera þeir á örskömmum tíma,“ segir Mörður og tekur fram að í Bandaríkjunum séu æ fleiri stórfyrirtæki að skipta úr séreignarhugbúnaði yfir í þann frjálsa. „Ekki

nóg með að hann sé öruggari heldur er hann alltaf ódýrari líka. Til hvers að borga fyrir uppfærslur frá Microsoft þegar jafn góðir og betri kostir fást ódýrari eða jafnvel ókeypis annarsstaðar?“, spyr Mörður að lokum.

Áhugasamir finna frekari upplýsingar á heimasíðu 1984: www.1984.is *mhg@frettabladid.is*

Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólítaðar.


Hágæða

Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.

Smíðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is



LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

pgv



PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur og svalalokanir úr PVC-u. Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

Hugbúnaðarfyrirtæki á heimsmælikvarða

Menn og mýs er hugbúnaðarfyrirtæki sem hefur þróað sérhæfðar hugbúnaðarlausnir fyrir netkerfi, netstjórnun og samskipti. Á síðustu árum hefur fyrirtækið alfarið einbeitt sér að þróun lausna fyrir stýringar á DNS, DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) og IPAM (IP Address Management) bæði fyrir Microsoft og Unix/Bind netumhverfi.

Jón R. Kristjánsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Góður gangur hefur verið í fyrirtækinu á þessu ári. Við höfum verið að byggja upp eigin starfsemi í Bandaríkjunum og er það starf nú farið að skila góðum árangri. Einnig höfum við samið við endursöluáðila í Evrópu, Ástralíu og Suður Kóreu. Þetta eru mikilvægir liðir í að efla sölustarf okkar og færa það nær markaði sem er nánast allur erlendis.“

Nú í byrjun júlí kemur út ný útgáfa af lausnum félagsins, Men and Mice Suite útgáfa 5.6. „Um er að ræða útgáfu sem inniheldur mikið af nýrri og spennandi virkni sem unnin hefur verið í samvinnu við Shell. Má þar til dæmis nefna aukinn stuðning við afar stór netumhverfi, villuprófanir á DHCP þjónum, yfirlit um stöðu tölva á neti og margt fleira,“ segir Jón.

thorunn@frettabladid.is



Jón R. Kristjánsson er framkvæmdastjóri Manna og músa. Hann segir spennandi tíma vera framundan hjá fyrirtækinu.

Hentugra að úthýsa hugbúnaðargerð

Viðamikil könnun á hugbúnaðargerð var unnin af Intellecta fyrir Samtök iðnaðarins og viðskiptaráðuneytið.

Um 330 manns unnu við upplýsingatækni innan stofnana ríkisins árið 2006. 115 voru í hugbúnaðargerð og 215 í rekstrarþjónustu. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðamikillar könnunar sem ráðgjafafyrirtækið Intellecta gerði fyrir Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Kaup á hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu voru einnig könnuð og viðhorf til þess að fela öðrum slíka vinnu. Fram kom að meirihluti ríkisstofnana telur hentugra að úthýsa hugbúnaðargerð en hafa hana innanhúss. Hins vegar vilja fleiri frekar hafa rekstrarþjónustu hans innanhúss en úthýsa henni.

Tæp sjöftu prósent stofnana ríkisins kaupa þjónustu við hugbúnaðargerð og hlutfallið hækkar eftir því sem stofnanirnar eru stærri. Þó hefur stöðugildum í hugbúnaðargerð innan ríkisgeirans fjölgað um 14,6 prósent frá árinu 2004. Þau kerfi sem unnin eru inn-



Hugbúnaðargerð er í auknum mæli unnin utan stofnana ríkisins en flestar vilja þær hafa rekstrarþjónustu hans innanhúss.

anhúss eru einkum upplýsinga- og gagnagrunnskerfi.

Fjárfesting vegna kaupa á upplýsingatækni árið 2006 er um 2,4 milljarðar. Einn og hálfur milljarður fer í hugbúnaðargerð og um 900 milljónir í rekstrarþjónustu. Heildarkostnaður stofnana

ríkisins við hugbúnaðargerð hafði aukist um 7,6 prósent á tímabilinu 2004 til 2006. Almenn virðast þær hlynntar því að kaupa hugbúnað og rekstrarþjónustu í meira mæli en áður.

Könnunin er aðgengileg á vef Samtaka iðnaðarins: www.si.is

Framtíðartækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

Upp á hvað hefur Alcoa Fjarðaál að bjóða sem framtíðarvinnustaður?

Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi

Störfín í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teyrum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður víðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun og gott vinnufyrirkomulag

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanns eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði.

Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku að meðaltali. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótartekjum fyrir þá sem óska þess.

Fríar ferðir, fæði og klæði

Fjarðaál býður upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Starfsmenn fá hollar og

góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Heilbrigði og velferð

Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir tvo tíma á viku fyrir starfsmenn í Fjarðabyggðarhöllinni. Iðjuþjálfari leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heim-sækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til lækniþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðli fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá jafnframt tiltekinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða í síma 540-7117) eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.



Fjárfesting í hugviti

Marel Food Systems hefur með yfirtökum og innri vexti þróast í alþjóðafyrirtæki með sameinaða sölu- og þjónustustarfsemi fyrir fjögur heimsþekkt vörumerki, AEW Delford, Carnitech, Marel og Scanvaegt. Hvert um sig er leiðandi á sínu sviði og þekkt af áreiðanleika og framúrskarandi þjónustu.

Markaður hátæknilausna í matvælaíðnaði þróast nú ört. Með hagræðingu og samlegðaráhrifum höfum við náð forskoti í samkeppninni og stefnum að því að ná 15–20% markaðshlutdeild á næstu 3–5 árum.

- 25% vöxtur á ári síðastliðin 10 ár
- 15–20 byltingarkenndar hátækninýjungar á ári
- Rúmlega 2.000 starfsmenn
- Þróun og framleiðsla í 7 löndum, 60 sölu- og þjónustuaðilar í yfir 40 löndum
- Stærsti framleiðandi á sínu sviði í heiminum

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems

MEMBERS OF MAREL FOOD SYSTEMS **æw delford** **arnitech** **marel** **scanvaegt**



KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapól

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

**KERTO LÍMTRÉ getur
sparað verulega fjármuni.
Leitið tilboða**



Söluaðilar um allt land



KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

GAGNAGEYMSLA GOOGLE Bandaríski netleitarrisinn Google hefur reist hvert netþjónabúð á fætur öðru í Bandaríkjunum og áætlað að reisa fleiri á næstu misserum í Evrópu. Fyrirtækið tók í notkun tvö netþjónabú í nágrenni Portland í Oregonríki í Bandaríkjunum um mitt síðasta ár. Eins og sést á myndinni er hvert búanna á stærð við knattspyrnuvöll.

MARKAÐURINN/GETTY IMAGES



urvegarn

þar sem gögn fyrirtækja og ein-
er netþjónabúin og hvaða þýðingu

Önnur minni hafa sömuleiðis skoðað möguleikann á því að reisa hér bú, sum hver með það fyrir augum að laða hingað fyrirtæki sem sjái hag í að leigja hér gagnageymslu líkt og fyrirtækið Data Íslandia áætlað að byggja umhverfissvæna gagnageymslu og gagnþjónustu á Rockville-svæðinu í landi Sandgerðisbæjar.

Uppbygging netþjónabúa sem þessara er gríðarlega kostnaðarsöm í uppbyggingu og krefst mikillar sérþekkingar. Rætt hefur verið um að fá hingað til lands hámenntað fólk á sviði tækni- og tölvusviðs í fyrstu, bæði til að vinna við netþjónabúin og miðla af þekkingu sinni til landsmanna, sem muni í framhaldinu taka við starfrækslu þeirra.

GRÆNN STIMPILL

Tölvufyrirtæki í Bandaríkjunum hafa um árabíl rekið sín eigin netþjónabú af öllum stærðum og gerðum en telja má að um 10.000 slík bú sé að finna vestanhafs. Þau stærstu eru á við sjö til átta knattspyrnuvelli og rúma tug þúsunda tölva þar sem gríðarlegt magn upplýsinga er vistað.

Kostnaður við gagnageymslur sem þessar liggur ekki fyrir en ljóst þykir að hann er gríðarlega hár þar sem um fjórðungur kostnaðarins fer í kælingu á tölvubúnaði. Fyrirtækin hafa því leitað allra leiða við að lækka kostnað sem hefur farið hækkandi. Bæði leita þau staðsetningar fyrir netþjónabú þar sem lóðaverð er hagkvæmt auk þess sem þau leita eftir lágu raforkuverði.

En fleira spilar inn í, svo sem umhverfismál en fyrirtækin leita eftir því að fá á sig umhverfissvottun, svokallaðan grænan gæðastimpil. Slíku er hægt að fagna hér á landi þar sem horft er til þess að raforkan er vistvæn og endurnýjanleg, svo sem frá jarðvarmavirkjunum. Þá berast engin spilliefni frá netþjónabúunum og er rekstur þeirra því í umhverfissvæna lagi.

Bandaríski netleitarrisinn Google er gott dæmi um umhverfissvænt tölvufyrirtæki en hann knýr höfuðstöðvar sínar í Mountain View í Kaliforníu með sólarorku.

UMHVERFISVÆN STÓRIÐJA

Netþjónabú þurfa á gríðarlegri raforku að halda og hefur rekstur þeirra verið kallaður umhverfissvænt stóriðja. Ekki að ófyrir-

synju eins og fram kom að framan. Raforkuþörf netþjónabúa nema allt frá 10 til 50 megavöttum en til samanburðar er raforkuþörf 250 þúsund tonna álvers um 500 megavött. Þessu til viðbótar mun gagnageymsla Data Íslandia í Sandgerðisbæ þurfa um tvö megavött af raforku eftir uppbyggingu fyrsta áfanga og 10 megavött miðað við full afköst.

Í máli þeirra sem komið hafa að athugun á byggingu netþjónabúa hérlandis kemur fram að netþjónabúin krefjist mikils mannafla til að byrja með. Hafa verið nefndar tölur upp á allt að 2.000 manns, þar af um 200 rafvirkjar. Skiljanlega þar sem netþjónabúin eru að mestu leyti tæknihús, víravirki byggt tölvum og snúrum.

Sambærilegt netþjónabú og Yahoo-menn og Microsoft hafa rætt um er verið að reisa um þessar mundir í Eemshaven í Hollandi. Þar er rými fyrir 100.000 netþjóna. Bandaríski netleitarrisinn Google hefur verið orðaður sem hugsanlegur leigjandi að plássi í búinu en það hefur ekki fengist staðfest. Raforkuþörf netþjónabúsins er 30 megavött en gert er ráð fyrir að það geti orðið allt að 40 megavött þegar fram í sækki.

Ef af byggingu netþjónabúa á borð við þau risahús sem Microsoft áætlað að reisa hér verður að veruleika verður uppgangurinn mestur á þeim 18 mánuðum sem hagkvæmast er að reisa búin. Eftir því sem á líður bætast rafvirkjar við hópinn. Þeim fækkar eftir því sem nær dregur verklokum. Þegar starfsemi hefst svo fyrir alvöru verða einungis á bilinu 5 til 50 manns sem koma til með að starfa við gagnageymsluna sjálfa. Þeir gætu orðið fleiri en fjöldinn fer eftir stærð gagnageymslunnar. Gera má ráð fyrir einhverri þjónustu við netþjónabúin en ósagt skal látið hversu mörg störf geta orðið til tengd þeim.

Horft er til þess að hámenntaðir einstaklingar á sviði tölvunarfræða og tengdra sviða muni vinna nær eingöngu við netþjónabúin. Flestir viðmælendur Markaðarins töldu líkur á að í fyrstu yrði að flytja inn starfsfólk með menntun á þessu sviði erlendis frá. Stefnt yrði að því að eftir því sem á líði og fleira sérhæft starfsfólk með menntun á þessu sviði kæmi út á vinnumarkaðinn hérlandis muni Íslendingar hægt og bitandi taka við störfunum.

Menn eru sammála um að verði netþjónabú að veruleika hér á landi muni það verða áframhald af stóriðjustefnu og álverum. Bara miklu hreinlegri. Netþjónabúin eru mun náttúruvænni, umhverfissvæna og afturkræfanleg risagímöld. Viðmælendur Markaðarins benda hins vegar á að laun í netþjónabúum séu talsvert betri en í álverum, og verði efnahagsleg áhrif, ef á heildina er litið, hlutfallslega mun meiri af netþjónabúum en af álverum miðað við orkuþörfina.



HALLDÓR JÖRGENSSON Þar sem Microsoft hefur reist netþjónabú hafa yfirleitt fleiri fyrirtæki fylgt á eftir. Framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi segir byggingu netþjónabúa hafa mikil keðjuverandi áhrif.

MARKAÐURINN/GVA

Gætum dottið inn í undanúrslitin

„Við erum bara að bíða. Við getum átt von á því að detta inn í þriggja liða úrslitin í næsta mánuði,“ segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi. Fyrirtækið fól honum að kanna grundvöll fyrir því að byggja netþjónabú hér á landi og komu fulltrúar frá Microsoft hingað til lands fyrir um hálfum mánuði. Á bilinu átta til tíu lönd koma til greina þar sem reisa á gagnageymslu fyrirtækisins. Ísland er þar á meðal. Málin skýrast í byrjun júlí en þá verða þrjú lönd valin til frekari skoðunar.

Halldór segir Microsoft skoða 31 atriði varðandi hagkvæmni þess að reisa netþjónabú áður en ákvörðun verður tekin. Þar er á meðal er raforkuverð, tengingar við umheiminn og lóðaverð. „Þeir skoða meira að segja verð á sementi,“ bendir Halldór og bætir við að til skoðunar sé að reisa eitt bú þótt gjarnan hafi fyrirtækið reist tvö á svipuðum tíma. Tíminn muni leiða í ljós hvort af verkefninu verði.

Ekki liggur fyrir hvar Microsoft geti hugsað sér að reisa netþjónabú. Nálægðin við raforku og ljósleiðara skipta höfuðmáli. Halldór bendir á að jafnvel geti fyrirtækið reist bú þar sem sæstrengurinn kemur til landsins fyrir austan. Þegar ný sæ-

strengurinn verður lagður kemur hann inn í landið á öðrum stað og geti hann allt eins orðið fyrir valinu, að sögn Halldórs.

„Þetta skýrist allt í næsta mánuði. Ef Ísland kemst í þriggja landa úrslitin sendir Microsoft þrjá vinnuhópa hingað sem skoða hvert sitt atriði,“ segir hann.

Halldór segir netþjónabú hafa komið í stað stóriðju og álvera í nokkrum löndum. Þar hafi verið veitt ýmsar skattalegar ívilnanir vegna þessa og megi vel hugsa sér að stjórnvöld hér bjóði eitthvað slíkt þegar fram í sækki. „Þar sem Microsoft byggir netþjónabú laðar það að sér gífurlega mikið af öðrum erlendum aðilum sem vilja gera svipaða hluti eða þjónusta þau. Það má því gera ráð fyrir keðjuverandi áhrifum af byggingu netþjónabúa,“ segir hann og bendir á að í Quincy í Washingtonríki í Bandaríkjunum þar sem Microsoft reisti bú í fyrra hafi fleiri fyrirtæki, svo sem þróunarsetur um ákveðin verkefni, fylgt í kjölfarið. „Ég held að netþjónabúin verði samkeppnisvöllur framtíðarinnar. Að eiga netþjónabúin, reiknigetuna og plássið mun skera úr um það hvaða upplýsingafyrirtæki muni í framtíðinni verða stærst í heimi,“ segir Halldór.

Mikill ávinningur fyrir landsmenn

„Ávinningurinn af rekstri netþjónabúa hér á landi gæti orðið til þess að lækka bandbreiddarkostnað fyrir fyrirtæki og heimili í landinu ef tekjulindin verða erlend fyrirtæki sem hýsa búnaðinn hér,“ segir Þorvaldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri rekstrarlausna hjá Skýrr. Hann bendir á að innlend notkun hafi verið fremur lítil en bandbreiddarnotkun muni aukast mikið komi erlend fyrirtæki hingað.

Þorvaldur segir ýmis konar gögn geta verið vistað hér. Þar á meðal séu gögn fjármálafyrirtækja, sem vilji hafa aðgengi fyrir bankaupplýsingar sem séu geymdar til langs tíma. Þá geti kreditkortafyrirtækin vistað upplýsingar hér. Önnur gögn sem hægt er að vista hér er tölvuþóstur og annað stafrænt efni sem getur haft biðlund (e. latency). Þriðji flokkurinn gerir hins vegar mestar kröfur um fjölgun sæstrengja. „Það er gagnvirk notkun á upplýsingakerfum. Dæmi um það eru fyrirspurnir í kerfum, svo sem hjá fjár-



ÞORVALDUR SIGURÐSSON Framkvæmdastjóri hjá Skýrr telur líkur á að stór netþjónabú muni rísa hér á næstu fimm árum.

MARKAÐURINN/GVA

málafyrirtækjum,“ segir hann.

Þorvaldur segir áhuga á netþjónabúum ekki nýjan af nálinni heldur hafi hann komið upp af og til. „Nú þykir kannski tilefni til að taka upp þráðinn að nýju því það er komið miklu meira af gögnum nú en áður. Ég tel ekki ósennilegt að við munum sjá stór netþjónabú hér í einhverju formi á næstu fimm árum.“

FRÉTTIR

Unnið á ströndinni

Sífelld fleiri starfsmenn sækjast eftir því að fá að komast út úr skrifstofum sínum og vinna heima eða sitja utandyra við vinnu. Fyrirtækið Microsoft Windows Mobile í Bretlandi ætlar að vera með þeim fyrstu til þess að kynna slíkar aðstæður í sumar. Samkvæmt spám frá fyrirtækinu Future Laboratory í Bretlandi gætu árið 2012 verið yfir 5,5 milljónir starfsmanna sem kysu að vinna á öðrum stað en við skrifborðið og kannanir hafa sýnt að nú af hverjum tíu starfsmönnum í Bretlandi vildu gjarnan breyta til og vinna annars

staðar en á skrifstofunni, utandyra eða jafnvel heiman frá sér.

SKRIFSTOFA Í GARDINUM

Microsoft hefur sett á laggirnar skrifstofu í Pimlico-garði og hefur þá í huga að fjórtán prósent af breskum starfsmönnum hafa lýst yfir áhuga á að stunda vinnu sína við sólarströnd og tíu prósent vilja stunda vinnu sína í almenningsgördum á sumrin ef möguleiki er fyrir hendi. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að nýja garðskrifstofan sýni fram á að það er mögulegt að yfirgefa skrifborðið og vinna ann-

ars staðar ef aðstæður og vilji eru fyrir hendi. Slík framkvæmd sýni starfsmönnum enn fremur fram á að þeir geta látið drauminn rætast á þennan hátt og að hreyfanlegir vinnustaðir auki tilfinningu fyrir því að starfsmenn stjórni degi sínum sjálfir og hafi frelsi til að taka ákvarðanir.

LENGRI VINNUTÍMI NÚ EN ÁÐUR

Þrátt fyrir efasemdir og ótta um að starfsmenn vinni síður úr almenningsgördum, frá ströndinni eða heiman frá sér sýna rannsóknir fram á annað. Fyrirtækið System Concepts hefur rannsakað hagi og skilvirkni starfsmanna sem vinna í tæknigeiranum. Þar kemur fram að ef starfsmenn fá frelsi til þess að prófa nýjar

aðferðir við vinnu verði minna um streitueinkenni, þeir verði afkastameiri og árangur verði sýnilegri. Með því að gefa starfsmönnum meira frelsi til þess að velja er þeim veitt ákveðið vald sem bætir félagsandann og ekki síst sambandið á milli starfsmanna og vinnuveitanda. Slík staða er í raun sigurvegari fyrir báða aðila. Hreyfanlegir vinnustaðir eru taldir verða enn mikilvægari í framtíðinni og sýna rannsóknir frá Microsoft fram á að helmingur starfsmanna vinnur lengri vinnudag í dag en hann gerði fyrir fimm árum síðan og þriðjungur aðspurðra telur að vinnudagurinn muni lengjast enn meir á næstu fimm árum. Í ljósi þessa telur fyrirtækið nauðsynlegt að

koma til móts við starfsmenn með sveigjanlegri vinnuháttum og hefur þá einnig til hliðsjónar rannsóknir sem sýna að 73 prósent af umsækjendum vinnu telja sveigjanleika við vinnutíma og vinnustað vera ráðandi þátt í vali á nýrri vinnu. Þá telja fimm-tíu prósent aðspurðra að minni streita fylgi því að hafa hreyfanlegan vinnustað í framtíðinni.

Heimild: www.managementtoday.co.uk

Sif Sigfúsdóttir
MA í mannauðs-
stjórnun



Hér kemur í ljós að á áratugnum 1995 – 2004 fækkaði í framleiðslugreinum á landsbyggðinni úr 30.000 manns í 23.400 manns eða um 6.600 meðan fjölgar í þjónustugreinunum úr 27.300 manns í 32.500 manns eða um 5.200. Sé þetta skoðað út frá hugmyndafræði þekkingar- eða þjónustusamfélagsins þá er hér um að ræða skýrar vísbendingar um þróun í þá átt. Ef lítið er til fiskvinnslunnar á landsbyggðinni í þessu dæmi þá fækkar fólki þar um 3.300 á þessu tímabili. Það er hins vegar fjölgun á landsbyggðinni í öllum þjónustugreinunum.

Í þessu dæmi, það er þróuninni til þekkingarsamfélagsins, er ekkert einhlítt. Það á einnig við um sjávarútveginn en hann bæði þiggur og gefur á þeirri vegferð. Hann hefur notið vinnubragða upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins við að stórauka framleiðni vinnuafli í greininni í viðleitni sinni til að vinna á móti því að hann hefur orðið að gefa eftir verulegan hluta af því vinnuafli sem hann hafði áður og fylgja hækkandi launþróun.

LÍFSKJÖRIN BYGGJA ENN Á SJÓNUM

Í þessari grein er ekki tekin nein afstaða til þeirrar umræðu sem nú fer fram um stöðu sjávarútvegsins á landsbyggðinni. Ekki heldur til líffræði- og tæknilegra atriða í útfærslu á fiskveiðistjórnarkerfinu. Einungis bent á staðreyndir sem verður að taka tillit til í umræðunni. Í umræðunni að undanförunu hefur verið sagt að aðstæður séu allt aðrar í íslensku þjóðlífi í dag en var þegar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á. Í sama orðinu er látið að því liggja að þess vegna sé hægt að beita sjávarútveginum til sértækra aðgerða af hálfu stjórnvalda. Verði horfið að því, það er að láta sjávarútveginn að einhverju leyti lúta öðrum lögmálum en annar atvinnurekstur, þá er hætt við að stutt verði í kröfuna um sértækar stuðningsaðgerðir honum til handa. Í þessu sambandi má benda á það sem kemur fram í þessari grein um mikilvægi sjávarútvegsins sem útflutningsgreinar. Þar er hann burðarás og verður áfram um langa framtíð og allt sem skerðir möguleika hans til að fylgja almennri þróun efnahags- og atvinnumála í landinu mun því skerða samkeppnishæfni þjóðarinnar og þar með leiða til lakari lífskjara í landinu.

Allt þetta má síðan draga saman í eina setningu: Sjávarútvegurinn er ekki lengur gerandinn í íslensku efnahagslífi; hann er á vissan hátt orðin þolandi. Stefna í gengis- peninga- og launamálun ræðst að mestu á öðrum vettvangi í dag. Greinin verður að hafa burði til að takast á við þessar nýju aðstæður; hvaðan sem þær eiga rætur sínar.

ICEBANK



SNERPA

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heilidsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum, fagfjárfestum og öðrum stærri aðilum.



www.icebank.is

Samstarf sem allir hagnast á

Í síðustu viku innsigliðu Alþjóðahúsið og Landsbankinn tímamótasamning í rekstri hússins. Hann hljóðar upp á tíu milljóna króna peningastyrk á þessu ári. Samstarfið þeirra á milli tekur þó til fleiri þátta og er til þess fallið að nýttast báðum aðilum vel.

Meðal þess sem samstarfið felur í sér er að innflytjendum mun bjóðast ókeypis íslenskukennsla á sérstökum námskeiðum hjá Landsbankanum. Þar verður fræðslu um fjármál og íslensku fléttað saman. Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir þessa blöndu spennandi kost fyrir innflytjendur. „Landsbankinn hefur lengi boðið viðskiptavinum sínum upp á fjármálanámskeið. Til að hafa forsendur til að fara á slíkt námskeið þarf þó að kunna svolitla íslensku. Við munum aðstoða Landsbankann við að breyta námsefninu og gera það aðgengilegra svo hægt sé að kenna það þeim sem kunna takmarkaða íslensku.“ Hann segir að námskeiðin verði opin öllum innflytjendum, hvort sem þeir eru í viðskiptum við Landsbankann eða ekki. Bankinn muni þó augljóslega miða sitt markaðsstarf við sína viðskiptavini.

Í samstarfinu felst einnig að



GLAÐBEITT VIÐ UNDIRSKRIFT Samningur Alþjóðahússins við Landsbankann hljóðar upp á tíu milljónir króna. Það er nóg til að tryggja rekstur Alþjóðahússins út árið 2007. Samningurinn tekur auk þess til samstarfs á hinum ýmsu sviðum.

starfsmenn Landsbankans sem starfa í framlínunni munu fá fræðslu frá Alþjóðahúsinu um þjónustu í fjölmennigumhverfi. „Þetta vonumst við til að hafi jákvæð áhrif á viðmót starfsmanna,“ segir Einar.

Á dagskrá Alþjóðahússins í sumar er einnig að leiðbeina knattspyrnuþjálfurum yngri flokka í menningarferni. Starfs-

menn Alþjóðahússins munu leiðbeina þjálfurum hvernig best er að þjálfa börn af ólíkum uppruna, meðal annars svo þeir geri sér grein fyrir ólíkri félagslegri stöðu barnanna. „Við höfum það sérstaklega í huga að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Þjálfarar þyrftu að vita hvað gæti verið að hræst í hugum þessara barna. Á hvaða hátt þeirra reynsluheim-

ur gæti verið ólíkur því sem sem gerist í hugum barna sem alin eru upp á Íslandi.“ Landsbankinn mun styðja við þessi námskeið. Þá mun hann einnig gerast sérstakur bakhjarl viðurkenningar Alþjóðahússins sem veitt er árlega. Hún verður því hér eftir nefnd eftir Thor Jensen. Viðurkenningin er þrjúþætt. Hún er veitt til stofnunar, félags eða fyrirtækis, einstaklings af innlendum uppruna sem hefur lagt mikið af mörkum til málefna innflytjenda og loks til innflytjanda sem hefur lagt mikið af mörkum til málefna samfélagsins.

Alþjóðahúsið er einkahlutafélag. Fjögur sveitarfélög hafa þjónustusamning við Alþjóðahúsið: Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður, Kópavogur og Seltjarnarnes. Í fyrra skar Reykjavíkurborg sín framlög til Alþjóðahússins niður um tíu milljónir króna fyrir árið 2007. Styrkur Landsbankans nemur einmitt þeirri upphæð. Það segir Einar ekki hafa verið með beinum vilja gert. „Þetta er bara skemmtileg tilviljun!“ -hhs

FÓLK Á FERLI

Skipulagsbreytingar hjá Promens

Frá og með 1. júlí verður Polimoon Group AS rekið sem hluti af samstæðu Promens. Breytingin er gerð í kjölfar fyrirtækjakaupa og samþættingar hjá félögum í eigu Promens hf. Stjórn félagsins hefur ákveðið nýtt skipurit fyrir samstæðuna. Í nýju skipulagi eru meginafkomusvið Promens þrjú: Umbúðir, hverfisteypa og íhlutir. Aðalskrifstofa félagsins mun vera áfram á Íslandi en stöðdeild með fjármálastjórnun, upplýsingatækni, innkaupum, framleiðni og gæðastýringu verður komið á fót í Ósló í Noregi.

RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR, sem tók við starfi forstjóra Promens í janúar 2006, mun áfram leiða samstæðuna.

ARNE VRAALSEN, sem verið hefur forstjóri Polimoon, mun láta af störfum 30. júní næstkomandi.

ADRIAN PLATT verður fjármálastjóri samstæðunnar og yfirmaður upplýsingatækni. Hann hefur verið fjármálastjóri Polimoon frá árinu 2000.

JÓN SIGURDSSON verður framkvæmdastjóri innkaupasviðs. Hann hefur verið fjármálastjóri Promens frá stofnun 2005 og áður hjá Sæplast frá 2004.

THOR AUDUN Saga, verður framkvæmdastjóri framleiðsluumbóta og gæðamála. Hann hafði gegnt svipuðu starfi hjá Polimoon frá árinu 2006.

AART FORTANIER verður framkvæmdastjóri hverfisteypusviðs. Hann hefur stýrt hverfisteypuframleiðslu Promens í Evrópu frá því félagið keypti Bonar Plastics árið 2005.

ERIK FEIJEN verður framkvæmdastjóri íhlutasviðs. Hann hefur gegnt því starfi hjá Polimoon frá árinu 2002.

JEROEN HOOFT verður framkvæmdastjóri umbúðasviðs. Hann hefur gegnt því starfi hjá Polimoon fyrir meginland Evrópu frá árinu 2002.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



Ávaxtaðu betur

- í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15,3%*** ávöxtun í evrum **4,6%*** ávöxtun í dollurum **5,4%*** ávöxtun í pundum **5,7%***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð
við fjárfestingar
hringdu í síma
444 7000

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/04/07 - 31/05/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING



FRÁ SENSE Í Hlíðasmára 3 er nú að finna Sense, lífsstílsverslun í eigu Nýherja.

Nýherji opnar lífsstílsverslun

Nýherji hefur opnað verslun sem leggur áherslu á stafrænan lífsstíl að Hlíðasmára 3 í Kópavogi. Í versluninni munu einstaklingar geta nálgast vörur og þjónustu fyrir nútímaheimili, að því er fram kemur í tilkynningu frá Nýherja. Á efri hæð er svo fyrirtækjapjónusta Sense til húsa.

„Með breytingunni er Nýherji að svara síaukinni eftirspurn einstaklinga og fyrirtækja eftir há-

gæða vörum og þjónustu á þessu sviði,“ segir í tilkynningunni.

Úrval mynd- og hljóðlausna fyrir nútímaheimili, auk nýjustu tækni í miðstýringu ýmissa heimiliskerfa er meðal þess sem hægt er að nálgast í versluninni. Meðal þeirra vörumerkja sem verða þar til sölu eru Bose- og Artcooustic-hljóðbúnaður, Sony-myndbúnaður og Crestron-stjórnkerfi.

- hhs



TILBOÐ

Horfðu til himins

ÞAKGLUGGAR

35%

afsláttur

Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði á meðan birgðir endast.

Fást í eftirfarandi stærðum:
55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118
78 x 98 • 78 x 140 • 94 x 140

Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazookaboy!

Ísinn og Sólin undir eitt þak

Safaframleiðandinn Sól gekk í síðustu viku frá kaupum á einu rótgrónasta fyrirtæki landsins, Emmessís. Stefnt er að því að sameina fyrirtækin undir eitt þak eftir þrjú ár og flytja starfsemi. Hafnarfjörður kemur sterklega til greina. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* settist niður með *Snorra Sigurðssyni*, framkvæmdastjóra Sólar, og fræddist um fyrirtækið, mikinn vöxt fyrirtækisins og kaupin á Emmessís

Sól ehf lauk kaupum á ís-fyrirtækinu Emmessís í síðustu viku. Sól er til-tölulega ungt fyrirtæki og fagnar þriggja ára af-mæli sínu eftir rúman mánuð. Nánar tiltekið 11. ágúst næstkomandi. „Þá gerðum við fyrsta sölu-samninginn okkar,“ segir Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólar, þar sem við sitjum inni á skrifstofu fyrirtækisins á Lyng-hálsi, ekkert á borðinu nema upp-tökutæki, einn kaffibolli og tvær tómar plastumbúðir af appelsínusafa.

Þótt fyrirtækið Sól sé ungt að árum þá hefur nafnið verið tengt Davíð Scheving Thorsteinssyni órjúfanlegum böndum en hann var framkvæmdastjóri hinnar gömlu Sólar hf. En nýja fyrirtækið er honum ótengt að flestu leyti. Og þó.

Snorri og félagar hans hjá Sól ehf tengdust gamla fyrirtækinu með einum eða öðrum hætti í fjölda ára, sumir frá unga aldri. „Ég byrjaði hjá fyrirtækinu árið 1974 og vann þar í sumarvinnu. Leifur byrjaði á tíunda áratugnum en Jón [Scheving Thorsteinsson] er sonur Davíðs og fæddist inn í fyrirtækið. Ég byrjaði svo í fullu starfi hjá Sól eftir skóla í kringum 1991,“ segir Snorri. Fyrir aldamótin voru núverandi eigendur Sólar stjórnendur hjá gamla fyrirtækinu. „Leifur Grímsson var í sölu- og markaðsmálum, Hrafn Hauksson var þróunarstjóri, Jón var fyrst verksmiðjustjóri en síðar markaðs- og sölustjóri en ég var innkaupa- og verslunarstjóri,“ segir Snorri.

Árið 2000 ákvað Vífilfell, sem var eigandi Sólar-Víking, að sameina fyrirtækin undir merkjum Vífilfells. Vörumerki Sólar var kastað fyrir róða og var það ekki til upp frá því.

„Við sáum ekki samleið með Vífilfelli,“ segir Snorri en flestir hættu þeir störfum hjá Sól um það leyti sem sameiningarferlið fór í gang á árunum 1997 til 2000. „Við vorum samt alltaf í sambandi og árið 2002 hófum við að vinna að stofnun nýs fyrirtækis í framleiðslu á ferskum söfum. Við vorum í því samhlíða öðrum störfum. Í upphafi árs 2004 náðum við svo samkomulagi um fjármögnun og byrjuðum á fullu í febrúarlok að panta



SÓL Í LYNGHÁLSI Safafyrirtækið Sól hefur vaxið gríðarlega á síðustu þremur árum. Fyrirtækið hefur vilyrði fyrir lóð í Hafnarfirði og mun þar reisa hús undir sameinaðan rekstur Sólar og Emmessíss á næstu þremur árum.

vélar og hanna og panta umbúðir. Vífilfell hafði ekki áhuga á nafni Sólar enda hafði það afskráð það. Við höfðum hins vegar áhuga á því enda var þetta sterkt nafn og vörumerki á hvaða tungumáli sem er. Við tókum eftir því þegar það losnaði og skráðum það á ný. Fyrsta framleiðslan var strax eftir Verslunarmannahelgina þetta sama ár og fyrsta salan var 11. ágúst. Þá var fyrsti sölu-reikningur fyrirtækisins skrifaður,“ segir Snorri og kímur, eflaust minnugur þess þegar Sól var að stíga sín fyrstu skref á safamarkaðnum. „Þá höldum við upp á

þriggja ára afmælið,“ segir hann.

DAVÍÐ OG GAMLA SÓL

Eins og áður sagði var Davíð Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri safaframleiðandans Sólar fyrir allmörgum árum. Snorri og félagar hafa ekki farið varhluta af því. „Við fáum reglulega spurningar um Davíð. Hann er ofarlega í hugum margra eldri viðskiptavina sem margir hverjir biðja um kveðju til hans,“ segir Snorri og bætir því við að þrátt fyrir að Davíð eigi ekkert í þessu nýja fyrirtæki líti hann öðru hverju við. Skiljanlega þar sem sonur hans er einn af stofnendum og stærstu hluthöfum hinnar nýju Sólar í gegnum eignarhaldsfélagið Arev. Þar á ofan hefur hann unnið lítil verkefni fyrir Sól og lagt lóð á vogarskálarnar, að sögn Snorra sem bætir því við að það sé ómetanlegt verk enda Davíð einn af reynslumeiri mönnum í íslenskum matvælaíðnaði. „Ég held að hann þekki alla,“ bætir Snorri við og sparar ekki hrósið.

Þeir Snorri, Leifur og Hrafn voru fyrstu og einu starfsmenn Sólar ehf fyrstu sex mánuðina. „Við vorum allt í öllu. Framleiddum sáfa kvöldin, á nóttunni og snemma morguns. Síðan dreifðum við þeim þegar verslanir opnuðu auk þess sem við sinntum allri skrifstofuvinnu sjálfir þegar tími gafst. Þetta var mikil vinna en skemmtilegt eftir á. Maður man ekki eftir þreytunni heldur gleðinni og sigrunum,“ segir Snorri og neitar því að hann muni eftir því geysimikla álagi sem fylgi því að stofna fyrirtæki

frá grunni. „Þetta er bara vinna, vinna og vinna. En gleðin er það eina sem situr eftir,“ segir hann.

MIKILL VÖXTUR

Þegar góður gangur var kominn í Sól jókst starfsmannafjöldi hratt og eru í dag á milli 14 til 16 starfsmenn á launaskrá Sólar. Það jafngildir því að starfsmannafjöldi fyrirtækisins hafi fimmfaldast á þremur árum. Svipuðu máli gegnir um veltu fyrirtækisins, sem hefur þrefaldast á síðastliðnum þremur árum. Markaðs-



ÍSLENSKA GERILSNEYÐINGARTÆKIÐ Á upphafsögum Sólar fékk fyrirtækið tilboð frá Vélsmiðju Þorgeirs Gunnlaugssonar um smíði gerilsneyðingartækis. Að sögn Snorra Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Sólar, er tækið fullkomið enda smíðað nákvæmlega eftir óskum forsvarsmanna Sólar. „Við höfðum getað fengið vél á samþæflegu verði erlendis frá. Þessi var miklu betri kostur, íslensk hátækni,“ segir Snorri en Þorgeir hefur unnið að smíði véla fyrir Marel.

hlutdeild Sólar nemur nú rúmm 21 prósentu á safamarkaðnum en fyrirtækið framleiðir ferska sáfa í plastumbúðum undir eigin merkjum en sömuleiðis fyrir fjölda verslana, svo sem Bónus, Krónuna og fleiri.

Með kaupum Sólar á hinu rótgróna Emmessís eykst starfsmannafjöldinn talsvert. „Við verðum 55, sem er margföldun fyrirtækisins á þriggja ára tímabili,“ segir Snorri.

ÍSINN Í SÓLINA

Kaupin á Emmessís marka stór spor í sögu Sólar enda stefnir allt í að tvö af þekktari fyrirtækjum landsins fari undir eitt þak á næstu árum. „Við höfðum verið að skoða stækkun og breytingu á fyrirtækinu síðasta árið. Þegar við heyrðum af því fyrir páska að Mjólkursalsalan hefði áhuga á því að selja Emmessís þá lýstum við yfir áhuga á kaupum,“ segir Snorri. Emmessís er 47 ára gamalt, var formlega stofnað sex árum eftir að Mjólkursalsalan hóf framleiðslu á ísblöndu fyrir ísveilar. Vörur undir merkjum fyrirtækisins eru 120 talsins í dag. Mjólkursalsalan leitaði í kjölfarið til fyrirtækjaráðgjafar SPRON, sem hafði samband við eignarhaldsfélagið Arev, en þar starfar Jón Scheving Thorsteinsson, einn stofnenda Sólar, og þaðan opnaðist leiðin að Emmessís. Arev, sem fjárfest hefur í millistórum fyrirtækjum hér á landi, á hlut í Sól í gegnum Jón.

Snorri segir heilmikla samlegð í rekstri fyrirtækjanna. Skrifstofuvinnu, starfsmannamál, almenn stjórnun, innkaup og dreifing fyrirtækjanna í verslanir eigi góða samleið. Að sama skapi stækkar dreifikerfi Sólar talsvert við kaupin. „Við erum með þrjú bíla í rekstri en þeir með um níu. Þannig að við erum komin með tólf bíla,“ bendir Snorri á.

Fyrirtækin verða fyrst um sinn í tveimur húsum til ársloka 2010 samkvæmt samningi þar á um en stefnt er að því að sameina fyrirtækin undir eitt þak eftir það.

Sól hefur frá upphafi verið í litlu húsnæði við Lyngháls. Of litlu að mati Snorra sem segir að fyrirtækið hafi eftir kaupin á Emmessís verið að leita eftir framtíðarlóð fyrir stærra húsnæði, sem fyrirtækin flytji bæði í eftir þrjú ár. „Við erum komin með vilyrði fyrir lóð í Hafnarfirði en ekkert er frágengið enn,“ segir Snorri. Framtíðarhúsnæði beggja fyrirtækja yrði um 5.000 fermetrar en til samanburðar er húsnæði Sólar við Lyngháls um 700 fermetrar. Hrafn Hauksson, einn stofnenda Sólar kemur óvænt inn í samtalið og segir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa tekið mjög vel í óskir Sólar. „Þau hafa sýnt okkur mikinn áhuga.“

Snorri bendir á að í ljósi andstöðu við álver í Straumsvík ættu bæjarfélög að líta fremur til fyrirtækja á borð við Sól og bjóða þau velkomin. „Álverið er með um 500 starfsmenn. Þegar við verðum búin að sameina fyrirtækin verðum við með rúmlega tíu prósent af því,“ segir hann og bætir við að nokkur fyrirtæki eins og Sól jafnist á við eitt álver. Því einu sem muni um er að Sól og Emmessís séu mun umhverfisvænni auk þess sem vatn er fyrirtækinu nauðsynlegt en ekki rafmagn - í það minnsta ekki í jafn miklu mæli og álver.

Erum með glerlausnir á heimili og vinnustað.



Sýrupvegið gler
Hertgler

Gler rennihurðir
Gler og ryðfrittstál handrið

Sturtuklefar
Svalalokur
Glerhillur



ATLANTSKAUP

Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,
112 Reykjavík S:533-3700.

Ertu klár fyrir sumarfríð?

Þarftu að láta prenta:



nafnspjöld



bréfsefni



reikninga



umslög

Hafðu samband við söluráðgjafa í síma 545 4400

Gutenberg
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sími 545 4400
Fax 545 4401
www.gutenberg.is


Gutenberg

BANKAHÓLFID



Litli hluthafinn

Einn fremur varfærinn vildarvinur Markaðarins bættist í hóp minnstu hluthafa í Føroya banka í almennu hlutafjárútbóði á dögunum. Vinurinn, sem kom inn í hluthafahópinn á genginu 189 danskar krónur á hlut lagði út rúmar 10.000 krónur í útbóðinu fyrir fimm hluti í þeim færeyska. Þegar gengið rauk upp um 29 prósent á fyrsta viðskiptadegi stókk vinurinn hæð sína í loft upp enda sá hann fram á metávöxtun í framtíðinni með því að framreikna jafn mikla hækkun á hverjum degi - að helgum meðöldum - í heilt ár. Það gerir litlar 4,9 milljónir króna. Gengi hækkanaferlið áfram með sama hætti sá hann fram á að setjast í helgan stein fyrr en seinna.

Væntur gróði

Þegar netbólan reis sem hæst í kringum síðustu aldamót reiknuðu margir með því að gengi hlutabréfa myndi halda áfram að hækka og reiknuðu þeir út væntan hagnað af hlutabréfakaupum með því að margfalda hækkun á einum viðskiptadegi langt fram í tímann. Þeir draumar rættust ekki. Gengi bréfa í Føroya banka fór hæst í 250 danskar krónur á hlut í Kauphöllinni í vikunni en tók upp á því að lækka um þrjú prósent í gær. Litli hluthafinn, sem áreiðanlega er með smæstu hluthöfum bankans, sá ekki fyrir lækkun sem þessari og fékk fyrir hjartað. Hann horfði á milljónadraumana fuðra upp, velti því alvarlega fyrir sér að selja hlutinn og taka inn hagnaðinn á meðan hann væri enn í plús upp á 3.000 krónur.

Barist við gúrkuna

Gúrkan er alls ráðandi í fjölmöldunum þessa dagana og fréttamenn berjast við að kreista fram fréttir; svona eins og fréttin um það að fjöldi fæðinga það sem af er ári væri svipaður og meðaltal undanfarinna ára. Í viðskiptafréttum berast ekkert skárri fréttir: Svíar hafa hækkað vexti og verðbólgan er hugsanlega að aukast í Kína eru meðal helstu viðskiptafrétta þessa dagana.

9,7% hærra yfirtökutilboð Novators í Actavis eftir hækkun úr 0,98 í 1,075 evrur á hlut.

15.000 hluthafar í Føroya banka eftir vel heppnað hlutafjárútbóð sem lauk í síðustu viku.

50% hlutur Straums-Burðarás í tækniska fjárfestingarbankanum Wood & Company.



HTC S710

Fyrsti snjallsíminn með Windows Mobile 6.0 stýrikerfi



HTC S710 setur ný viðmið í snjallsímum og er fyrsti síminn sem keyrir á Windows Mobile 6.0 stýrikerfinu.

- Qwerty lyklaborð – útdraganlegt
- 200 MHz örgjörvi
- Wi-Fi þráðlaust net (hot-spot)
- GPRS/EGDE háhraða gagnaflytningur
- Samhæfir með ActiveSync við Exchange netþjón 2003 og 2007
- 2,0 megapixla myndavél
- Microsoft Office Mobile (Excel, Word, PowerPoint, PDF)


HTC S710 – ný kynslóð af Windows Mobile.



Ármúli 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



Fljúgum hærra !



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

75 ára | spron VERÐBRÉF

*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útbodslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.